

TÓMAS ÖRN TÓMASSON  
Fæst við bleikar  
tæknibrellur

græjur  
allt í MIDJU BLADSINS



FASTEIGNIR  
Ljósmyndir skipta  
miklu máli við sölu

Sérblað um fasteignir  
FYLGI FRÉTTABLAÐINU Í DAG



JÓN ÞÓR HANNESSON  
Slóð fjörliddanna  
ekki grýtt

Allt í góðu milli skáldsins og leikstjórans  
FÓLK 30



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. mars 2007 — 63. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## MÁNUDAGUR



Halla felldi tár  
í X-Factor

Alan var sendur  
heim í dramatískum  
þætti.

FÓLK 30

## Alexandra loksins gift

Fyrirverandi  
prinsessa  
Dana gekk í  
það heilaga um  
helgina.

FÓLK 22



## Leikhús fáránleikans

„Sannleikurinn er því sá að  
Framsókn bilaði einfaldlega á  
endasprenntinum í stjórnarskrár-  
nefndinni þegar hún átti kost á  
því að knýja fram niðurstöðu um  
málið innan hennar,” segir Össur  
Skarphéðinsson.


Í DAG 16

## Á leið niður

Eggert Magnússon og  
félagar í West Ham  
eru á leið niður  
í 1. deild. Liðið  
tapaði 4-3 fyrir  
Tottenham í  
gær.

ÍPRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG



HVASSVIÐRI Í dag verður allhvöss  
eða hvöss norðaustanátt víða um  
land, sýnu hvassast á Vestfjörðum  
og Snæfellsnesi. Víða rigning eða  
slydda en þó sums staðar snjócoma.  
Úrkomulítið sunnan og suðvestan til.  
Híti 0-8 stig, mildast syðst.

VEDUR 4

# Auðlindaákvæðið rætt á fundi Geirs og Jóns í dag

Formenn ríkisstjórnarflokkanna hittast á fundi í dag og ræða nýtt stjórnarskrárákvæði um auðlindir. Jón Sigurðsson segir tiltölulega litla vinnu þegar útfærslan hafi verið ákveðin. Nægur tími sé til að ljúka málinu fyrir þinglok. Geir Haarde vill ekki tjá sig um málið að sinni.

**STJÓRN MÁL** Formenn stjórnarflokka-  
anna tveggja, Geir Haarde og Jón  
Sigurðsson, ræða auðlindamálið á  
fundi sínum í dag.

„Við erum í vinsamlegum, mál-  
efnalegum viðræðum við sam-  
starfsmenn okkar í ríkisstjórninni  
og erum að vinna að sameiginlegri  
lausn,” segir Jón Sigurðsson, iðn-  
aðarráðherra og formaður Fram-  
sóknarflokksins.

Jón bendir á að breytingar á  
stjórnarskrá séu ávallt síðasta  
verk þings. Breytingar á stjórnar-  
skránni til að koma þar inn nýju  
auðlindaákvæði sé vel hægt að  
gera áður en núverandi þingi verði  
slitið. „Það eru tvær vikur fram  
undan. Þess vegna teljum við að  
það sé nægur tími til þess að fjalla



GEIR H. HAARDE JÓN SIGURÐSSON

um þetta mál og ljúka því,” segir  
hann.

Að sögn Jóns hefur orðalag nýs  
ákvæðis um auðlindirnar í raun  
legið fyrir frá því að hin þverpólit-  
íska auðlindanefnd skilaði sinni  
álitgerð í september árið 2000.

„Síðan hefur komið til álita að

gera einhverjar orðalagsbreyting-  
ar eða kveða skýrt á um það í  
greinargerð að þessi stjórnarskrár-  
breyting styrki og staðfesti  
fiskveiðistjórnunarkerfið en  
vefengi það ekki,” segir Jón, sem  
kveðst telja unnt að ljúka þessari  
vinnu á mjög stuttum tíma. Að því  
sé nú einmitt unnið.

„Það þarf ekki nema tiltölulega  
litla vinnu við textana sjálfa þegar  
menn hafa fundið endanlega  
útfærslu,” segir Jón.

Ragnheiður E. Árnadóttir,  
aðstoðarkona Geirs Haarde, for-  
sætisráðherra og formanns Sjálf-  
stæðisflokksins, sagði í gærkvöld  
að Geir vildi ekki tjá sig um þetta  
mál að sinni.

Ragnheiður staðfesti að Geir

myndi í dag hitta Jón Sigurðsson á  
fundi sem ákveðinn hefði verið  
fyrir helgi. Til umræðu á þeim  
fundi yrði meðal annars auðlinda-  
málið.

Stjórnarskrárnefnd lauk störf-  
um í febrúar án þess að auðlinda-  
ákvæðið væri afgreitt þaðan. Jón  
Kristjánsson, formaður stjórnar-  
skrárnefndar, segir að vegna  
meiningarmunar í nefndinni hafi  
hann ekki látið reyna á afstöðuna  
til auðlindaákvæðisins þar. Fram-  
sóknarmenn leggi hins vegar  
mikla áherslu á málið. „Það er ansi  
mikill þungi hjá okkur að menn  
standi við það ákvæði sem er í  
stjórnarsáttmálanum. Núna er  
þetta í raun í höndum Geirs og  
Jóns,” segir Jón.

- gar



VERKIÐ SÝNT Háar fjárhæðir voru reiddar fram fyrir listaverk sem boðin voru upp fyrir fullum Súlnasal í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Metaðsókn á listaverkauppboði Gallerí Foldar í Súlnasal Hótel Sögu í gærkvöldi:

## Vatnslitamynd eftir Ásgrím á metfé

**LISTAVERKAMARKAÐUR** Vatnslitamynd  
af Rangárvöllum eftir Ásgrím  
Jónsson var slegin á 8,9 milljónir  
króna á listaverkauppboði Gallerí  
Foldar í gærkvöldi. Þetta er eitt  
hæsta verð sem greitt hefur verið  
fyrir vatnslitamynd eftir Ásgrím.  
Myndin, sem er 37x59 sentimetrar,  
var máluð 1911.

Metaðsókn var að uppboðinu og  
fjöldi listmuna boðinn upp, meðal  
annars eftir Guðmund frá Miðdal.  
Leirmyndir eftir hann seldust háu  
verði en virði þeirra hefur marg-  
faldast á fáum misserum. Þá fór  
smámynd eftir Jón Helgason bisk-  
up frá árinu 1907 á rúma hálfa  
milljón. Þegar Fréttablaðið fór í

prentun átti enn eftir að bjóða upp  
um tuttugu myndir - þær sem tal-  
dar voru verðmætastar. Meðal  
þeirra voru veigamikil olíumál-  
verk eftir Þorvald Skúlason,  
Ásgrím Jónsson, Þórarín B. Þor-  
láksson og fleiri. Flest benti til að  
uppboðið skilaði verulega háum  
sölutölum á lokasprenntinum. - pbb

Viðutan arkitekt í Hveragerði:

## Gleymdi að rukka fyrir skólabyggingu

**SVEITARSTJÓRNIR** Arkitekt við  
Grunnskóla Hveragerðis  
gleymdi að rukka bæinn um  
greiðslur fyrir vinnu sína. Á  
síðasta bæjarráðsfunni var lagt  
fram yfirlit frá arkitektinum  
yfir vinnu hans vegna grunn-  
skólans á árunum 1981 til 2005.  
Fyrst nú sendi arkitektinn  
reikning vegna vinnu við  
breytingar og hönnun síðari  
áfangar skólans sem hófst 2001.

„Bæjarráð lýsir yfir furðu  
sinni á því hvers vegna  
reikningar hafa ekki borist fyrr  
en nú en viðurkennir um leið að  
engar greiðslur hafa verið  
inntar af hendi til arkitekts  
vegna umræddrar hönnunar,”  
segir í bókun bæjarráðsins. - gar

**Softub**  
Snjallasti potturinn  
á markaðnum?

Vortilboð  
JÓN BERGSSON EHF.  
Kletthálsi 15 110 Rvk S: 588 8886  
www.JonBergsson.is

**STÓRI**  
BÓKAMARKAÐURINN  
Perluinni 1. - 11. mars  
OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18

Þú finnur alltaf  
réttu bókina!

HEMINGURINN BURT!  
VERÐ-  
HRUN!  
LEKKUN VSK

Ráðstefna  
föstudaginn 9. mars:

## Samskipti fjárfesta og frumkvöðla

Upplýsingar, dagskrá  
og skráning  
á [www.si.is](http://www.si.is)

SI Samtök iðnaðarins  
SIS Samtök listernáttúru-  
líftæknifyrirtækja  
SIU Samtök uppbygginga-  
tæknifyrirtækja

TÖKNI OG VIL  
2007  
Samtök spráða-  
fyrirtækja



## SPURNING DAGSINS



Elly, var ekki grátlegt að þurfa að senda Alan heim?

„Það þarf meira til að græta okkur kerlingarnar en að vísa einum keppenda úr keppni.“

Elly, Elinborg Halldórsdóttir, er einn þriggja dómara og lífsstjóra í X-Faktor. Á föstudagskvöld réði hún úrslitum um það að Alan úr liði Einars Bárðarsonar féll úr keppni. Einar táknaði við tíðindin.

Maður á fimmtugsaldri sem fannst meðvitundarlaus og alblóðugur í Kópavogi:

## Ofkólnun varð honum til lífs

**LÖGREGLUMÁL** Karlmanni á fimmtugsaldri sem fannst liggjandi meðvitundarlaus og alblóðugur við Bæjarlind í Kópavogi á laugardagsmorgun varð það sennilega til lífs að líkamshiti hans fór niður í 26 gráður. Að sögn lögreglu hlaut maðurinn alvarlegan áverka á hnakka og missti mikið blóð. Töluvert frost var þessa nótt og hæðði það verulega á líkamsstarfsemi mannsins.

Maðurinn var yfirheyrður af lögreglu um helgina. Hann minnst þess ekki að ráðist hafi verið á sig.

Ómar Smári Ármannsson aðstoðaryfirlögsluþjónn segir



**BÆJARLIND** Maðurinn fannst liggjandi meðvitundarlaus í blóði sínu snemma á laugardagsmorgun. Ekki liggur fyrir hvað kom fyrir hann.

áverkann mögulega hafa getað orsakast af falli enda hafi verið töluvert hálfvæði sem

maðurinn fannst. Þó er enn verið að rannsaka hvornig maðurinn slasaðist og vitni sem voru á skemmtistaðnum hafa verið yfirheyrð. Ekki er búið að útlöka að áverkinn sé af mannavöldum.

Maðurinn var á leiðinni heim til sín af skemmtistaðnum Players þegar atvikið átti sér stað. Gangandi vegfarandi varð hans var um níuleytið á laugardagsmorgun en hann hafði þá legið meðvitundarlaus í einhverja klukkutíma. Maðurinn komst til meðvitundar síðdegis á laugardag og er ástand hans stöðugt að sögn lækis.

- þsj

Bresk mannréttindapeningnefnd:

## Gagnrýnir um-deilda heimild

**LONDON, AP** Bresk þingnefnd telur valdheimild sem gerir yfirvöldum kleift að halda grunuðum hryðjuverkamönnum án ákæru stríða gegn mannréttindalögum.

Heimildin, sem er háð árlegri endurnýjun þingsins, var sett árið 2005. Hefur hún verið harðlega gagnrýnd af stjórnanráðgjöfnum en innanríkisráðherra Bretlands, John Reid, segir hana nauðsynlega til að fást við grunaða hryðjuverkamenn sem ekki sé hægt að ákæra eða flytja úr landi.

Nefndin hvetur til að auðveldað verði að ákæra til dæmis með að leyfa að upptökur úr símhlerunum við réttarhöld.

- sdg

Umferðarslys í Hörgárdal:

## Karlmaður á fertugsaldri lést

**SLYS** Karlmaður á fertugsaldri lést þegar bifreið hans valt út fyrir veginn í Hörgárdal skammt sunnan við bæinn Krossastaði um miðnætti á laugardagskvöld.

Vegfarandi kom að slyssaðnum og gerði lögreglunni á Akureyri viðvart. Maðurinn var látinn þegar hana bar að garði. Hann var einn í bifreiðinni.

Töluvert hálfvæði var á þessum slóðum þegar slysið varð og að sögn lögreglu er talið að maðurinn hafi misst stjórn á bifreiðinni vegna hennar. Þetta er fyrsta bana-slysið í umferðinni á þessu ári. - þsj

Yfirmaður lamdi starfsmann:

## Var sendur í afplánun í gær

**LÖGREGLUMÁL** Eigandi verktakafyrirtækis hefur verið sendur í fangelsisafplánun vegna tveggja útistandandi dóma eftir að hafa gengið í skrokk á pólskum starfsmanni sínum aðfaranótt sunnudags. Hann hlaut síðast tólf mánaða fangelsisdóm í Hæstarétti fyrir kynferðisbrot.

Í fréttum Stöðvar tvö í gær lýsti verkamaðurinn því að hann hefði lagt sig í bifreið fyrirtækisins eftir samkvæmi á þess vegum. Hann vaknaði við það að yfirmaður hans dró hann út úr bifreiðinni og hóf að sparka í hann og kýla í andlit. Hann sér ekkert með öðru auganu eftir árásina og sauma þurfti nokkur spor í augabrún og enni.

- þsj

### BANDARÍKIN

#### Giuliani með mest fylgi

Rudy Giuliani, fyrrverandi borgarstjóri í New York, hefur mest fylgi þeirra sem sækjast eftir að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins, samkvæmt könnun Newsweek. Fylgið við Giuliani hefur aukist síðan í janúar.

# Mýrargötustokkur grundvöllur byggðar

Mýrargötustokkur er grundvöllur uppbyggingar byggðar í og við Örfirisey, segja Dagur B. Eggertsson og Björn Ingi Hrafnsson. Stokkurinn er ekki í fyrri hluta nýframlagðrar samgönguáætlunar og því er uppbygging ekki á dagskrá á næstunni.

**SKIPULAGSMÁL** Íbúðarbyggð í Örfirisey og nágrenni verður ekki byggð upp á þeim tíma sem stefnt er að, ef nýframlögð samgönguáætlun stendur óbreytt. Þetta segja Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs og stýrihóps sem skoðar nú möguleikann á uppbyggingu íbúðarbyggðar í Örfirisey og nágrenni, og Dagur B. Eggertsson. Í stýrihópnum eru auk Björns Inga, Gísli Marteinn Baldursson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson og Árni Þór Sigurðsson.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á miðvikudaginn síðastliðinn hefur stjórn Faxaflóahafna vísað tillögu Björgunar hf. og Bygg hf., um uppbyggingu byggðar á 108 hektara landfyllingu, til stýrihópsins fyrrnefnda til frekari umfjöllunar.

Björn Ingi segir engan vafa leika á því að ef uppbygging samgöngumannvirkja verði með þeim hætti sem boðað er í nýútkominni samgönguáætlun muni það hafa hamlandi áhrif á vinnu við skipulag byggðar í Örfirisey og hennar nágrenni. „Það er mat allra sem koma að málefnum borgarinnar að það verði að koma til samgöngumannvirkja, til dæmis Mýrargötustokkur, svo hægt sé að byggja upp byggð á þeim tíma sem við stefnum að. Því hefur verið komið á framfæri og það mál er í þinglegri meðferð. Ég bind vonir við að náum ásættanlegri lendingu í málinu.“

Dagur B. Eggertsson segir öll uppbyggingaráform vera í uppnámi. „Það er ekki lagt til fjár-



**ÖRFIRISEY** Stefnt er að uppbyggingu byggðar í Örfirisey. Flýta þarf uppbyggingu samgöngumannvirkja á svæðinu ef uppbygging íbúðarbyggðar á að ganga vel, segja borgarfulltrúar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARPA



**STURLA BÖÐVARSSON**

[mati á skipulagstillögum og öðrum málum er viðkoma uppbyggingu í Örfirisey], að minnsta kosti á meðan þessi samgönguáform eru ekki uppi á borðinu.“

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir samgöngubætur við Mýrargötu vera inni í öðru

magn fyrir Mýrargötustokkinn í samgönguáætluninni og það setur öll uppbyggingaráform í uppnám. Ég reikna með því að við getum unnið að þessu verkefni í rölegheitum

tímabili samgönguáætlunar. „Við höfum gert ráð fyrir því að Vegagerðin gangi til samninga við borgaryfirvöld. Það er enn unnið að því að finna bestu tæknilausnina á þessum málum. Ég veit ekki betur en að það sé fullur skilningur á því að þessi mál, það er skipulagið og tæknilegar útfærslur, þurfi að vinna betur.“

Áhugi fjárfesta á svæðinu, þar sem meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Reykjavík ætlar sér að byggja upp íbúðarbyggð, er gríðarlegur að sögn Björns Inga. Þannig hefur fjárfestingarfélagið Lindberg hf. keypt húsnæði í Örfirisey fyrir um þrjá milljarða á undanföllum mánuðum.

magnush@frettabladid.is

Norskur morðingi:

## Tekinn með lík í skottinu

**NOREGUR** Norskur karlmaður, Quang Minh Pham, var handtekinn um helgina grunaður um að hafa myrt 31 árs gamlan mann en lík hans fannst í skottinu á bíl Pham á laugardaginn.

Pham, sem er 34 ára gamall, var árið 1999 dæmdur í 21 árs fangelsi fyrir manndráp. Hann var í leyfi frá fangelsinu þegar líkið fannst í bíl hans á hraðbraut í grennd við Larvik.

- þo

Alvarlegt slys við Hvolsvöll:

## TF-Líf sótti slasaðan mann

**SLYS** Karlmaður á fimmtugsaldri var fluttur mikið slasaður með þyrlu Landhelgisgæslunnar TF-Líf á slyssadeild Landspítalans í gær eftir að fólksbifreið sem hann ók lenti framan á sjúkrahúsi á Suðurlandsvegi síðdegis í gær.

Að sögn lögreglu eru tildrög slyssins enn í rannsókn en ljóst þykir að fólksbifreiðinni hafi verið ekið yfir á öfugan vegarhelming á Suðurlandsveginum rétt vestan við Hvolsvöll með fyrrgreindum afleiðingum.

Annar sjúkraflutningamaðurinn hlaut minniháttar meiðsl en félagi hans og sjúklingar sem voru í sjúkrahúsi síðdegis í gær.

- þsj

### INDLAND

#### Lögleiðing kynlífsiðnaðar

Á 50.000 manna ráðstefnu fólks sem starfar við kynlífsiðnað í Indlandi var þess krafist að störf þeirra yrðu gerð lögleg á sama hátt og störf leikara og tónlistarmanna. Voru þessi störf lögð að jöfnu þar sem öll tilheyrðu þau afþreyingariðnaði. Yfirvöld eru ósammála þeirri skilgreiningu.

Stjórnmalasamtök eldri borgara og öryrkja stofnuð:

## Bjóða fram í öllum kjördæmum

**STJÓRN MÁL** Stjórnmalasamtök eldri borgara og öryrkja voru formlega stofnuð í gær á opnum fundi á Grand hóteli. Baráttusamtök eldri borgara og öryrkja höfðu boðað til fundarins og var tillaga um stofnun stjórnmalasamtaka samþykkt einhljóða.

Arndís H. Björnsdóttir, formaður Baráttusamtaka eldri borgara og öryrkja, var kjörin formaður hins nýja stjórnmalaflokks. Hún segir að mikil samstaða hafi verið á fundinum og nokkur hundruð manns séu nú þegar komnir á skrá samtakanna.

„Þetta er framboð sem á erindi við alla og fólk á öllum aldri hefur lýst yfir stuðningi við okkur,“ segir Arndís, sem fullyrðir jafnframt að aðrir stjórnmalaflokkar hafi reynt að standa í vegi fyrir framboðinu.

Málefni aldraðra og öryrkja



**NÝR STJÓRN MÁLAFLOKKUR** Fjölmargir mættu á fundinn á Grand Hótel þar sem hin nýju stjórnmalasamtök voru stofnuð.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

verða í brennidepli en að sögn Arndísar mun flokkurinn einnig láta til sín taka á öðrum sviðum. „Við erum með stefnu í öllum málaflokkum og einbeitem okkur sérstaklega að ójöfnuðinum í samfélaginu,“ segir Arndís.

Flokkurinn hyggst bjóða fram í öllum kjördæmum og munu aldradóir og öryrkjar skipta kjördæmunum á milli sín. Nafn flokksins verður gert opinbert síðar í vikunni og þá kemur einnig í ljós hverjir leiða lista flokksins.

- þo

### BÍLL DAGSINS

#### NISSAN NAVARA 35"

Nýskr. 08.06 - Sjálfskiptur - Ekkinn 5 þús. km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.






Íslenska ánægjuvugin 2006

# Ánægðustu viðskiptavinir landsins eru hjá SPRON!

Samkvæmt mælingu Íslensku ánægjuvogarinnar 2006 eru viðskiptavinir **SPRON** ánægðastir allra viðskiptavina banka og sparisjóða – ekki bara á höfuðborgarsvæðinu heldur á landinu öllu!

Við erum stolt og þakklát fyrir þessa viðurkenningu viðskiptavina okkar og er hún okkur mikil hvatning til að halda áfram á sömu braut.

Komdu í hóp landsins ánægðustu viðskiptavina!



GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	66,76	67,08
Sterlingspund	130,26	130,9
Evra	87,84	88,34
Dönsk króna	11,79	11,858
Norsk króna	10,825	10,889
Sænsk króna	9,453	9,509
Japanskt jen	0,5678	0,5712

SDR 100,38 100,98

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
120,2721

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bændur þakka mikinn stuðning í skoðanakönnun og segja hann áminningu fyrir óvildarmenn landbúnaðar:

# Langflestir segja landbúnað skipta máli

**LANDBÚNAÐUR** Samkvæmt nýrri skoðanakönnun telja 94 prósent Íslendinga að það skipti máli að landbúnaður verði stundaður til framtíðar á Íslandi.

„Ég átti von á að stuðningurinn væri umtalsverður en þessi gríðarlega sterka staða bænda er afgerandi – þrátt fyrir sífellda orrahríð,“ sagði Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, þegar hann kynnti niðurstöður könnunarinnar á Búnaðarþingi í Reykjavík í gær. Könnunin var gerð fyrir Bændasamtökin af Capacent/Gallup.

„Svar fólksins í landinu er svo eindregið að við hljótum að fyllast þakklæti,“ sagði Haraldur, sem taldi þessa niðurstöðu vera þeim „áminningu sem hæst tala óabyrgt og af vanþekkingu,“ og að þeir ættu að endurskoða sinn málflutning.

Þá kom fram í könnuninni að áttatíu prósent

þeirra sem svörðu telja mikilvægt að Íslendingar verði ekki öðrum háðir með landbúnaðarvörur sem þeir geta framleitt hér á landi. Haraldur sagði greinilegt að fólk vildi ekki að íslenskri framleiðslu væri fórnad. „Íslendingar vita að matvælaöryggi þjóðarinnar er lagt að veði,“ sagði hann. „Svarendur segja okkur bændum að halda áfram á sömu braut. Ekki gefast upp gegn þeim sem vilja koma landbúnaðinum á kné.“

Haraldur ítrekaði að niðurstöðurnar væru „umhugsunarefni fyrir þá sem árum saman hafa alið á óvild í garð landbúnaðar og bændastéttar“.

- gar

**FRÁ BÚNAÐARÞINGI** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var við setningu þingsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



## Ummæli um kynlífsþrælkun: Stendur við afsökunarbeiðni

**JAPAN, AP** Afsökunarbeiðni japanskra stjórnvalda til kvenna

sem þvingaðar voru til kynlífs með japönskum hermönnum fyrir áratugum stendur.

Forsætisráðherra Japans, Shinzo Abe, sagði í síðustu viku að engar sannanir lægju fyrir um að konurnar hefðu verið neyddar til starfa í vændishúsum.

Reiðialda braust út vegna þeirra ummæla forsætisráðherrans.

Árið 1993 báðu japönsk stjórnvöld fórnarlömb kynlífsþrælkunarinnar afsökunar en afsökunarbeiðnin var ekki staðfest af þinginu eins og krafist var.

## Ómar Ragnarsson ætlar fram: Nýja framboðið enn í mótun

**STJÓRNMÁL** Ómar Ragnarsson segir vel ganga að koma á

koppinn nýju framboði fólks úr Framtíðarlandinu og fylgismönnum Margrétar Sverrisdóttur „Nöfn Margrétar, mitt og Jakobs Frímanns Magnússonar hafa verið nefnd en það er miklu fleira fólk sem vill ekki láta nafn síns getið á þessu stigi sem kemur að því að bræða þetta saman.“

Unnið er að mótun málefna og fylgismanna leitað. Ómar segir ekkert liggja fyrir um nafn framboðsins en frekari tíðinda sé að vænta eftir um tíu daga.

# Telur að Siv eigi að segja af sér embætti

Sigurður Kári Kristjánsson segist vera á þeirri skoðun að Siv Friðleifsdóttir eigi að segja af sér vegna hótana hennar um stjórnarslit. Fleiri innan Sjálfstæðisflokksins óánægðir með ummæli hennar. Siv vill sjálf ekki tjá sig um málið.

**STJÓRNMÁL** Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, telur að Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, eigi að segja af sér vegna ummæla sem hún lét falla á flokksþingi Framsóknarflokksins á föstudag. Þar sagði Siv að ríkisstjórnin gæti átt erfitt með að lifa af ef ekki næðist samkomulag um að binda auðlindaákvæði í stjórnarskrá.

Að sögn Sigurðar Kára er það mjög alvarlegt af ráðherra að láta slík ummæli falla tíu dögum fyrir þinglok. „Ég veit ekki hvort þetta helgist af einhverjum taugatitringi innan Framsóknarflokksins eða dómgreindarleysi af hennar hálfu en það er augljóst mál að ráðherra í ríkisstjórn sem er með svona hótanir eða uppstillingar í garð samstarfsflokks síns, hann verður að bera ábyrgð á þeim.“

Hann segir það ekki skipta máli hvort ummælin lýsi einungis hennar persónulegu skoðun. „Ef hún hefur meint það sem hún sagði

Ég sé ekki ástæðu til þess að tjá mig um þetta að svo komnu máli.

**SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR** HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐHERRA

og nýtur stuðnings Framsóknarflokksins í því þá er það mjög alvarlegt mál fyrir stjórnarsamstarfið. Það er sömuleiðis mjög alvarlegt ef þetta er einungis hennar persónulega skoðun. Þá á



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON** Segir það alvarlegt mál fyrir stjórnarsamstarfið ef Framsóknarflokkurinn styðji ummæli Sivjar. Ef ummælin séu einungis hennar persónulega skoðun eigi hún ekki heima í ríkisstjórninni.



**SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR** Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.



**ARNBJÖRG SVEINSSDÓTTIR** Þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins.

hún ekkert heima í þessari ríkisstjórn.

Sigurður Kári segist vita til þess að fleiri innan Sjálfstæðisflokksins séu á sömu skoðun og hann. „Ég veit um fleiri sem eru mjög óánægðir með þessu ummæli Sivjar og ég vona að hún dragi þau til baka. Ég er viss um að í öðrum löndum þá yrði fast sótt að ráðherra að segja af sér eftir að hann hefði haft uppi slík ummæli um sína samstarfsmenn.“

Siv Friðleifsdóttir vildi ekki svara því hvort hún myndi hugleidda afsögn né hvort hún myndi

huga að draga ummæli sín til baka. „Ég sé ekki ástæðu til þess að tjá mig um þetta að svo komnu máli.“

Arnbjörg Sveinssdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir þetta vera persónulega skoðun Sigurðar Kára og ekkert meira um það að segja. „Hann segir þetta og það því örugglega hans persónulega skoðun. Þessi umræða hefur verið dálítið út og suður fyrir mína parta og engin ástæða til þess að hrapa að einhverjum ályktunum á hvorn veginn sem er.“

thordur@frettabladid.is

## Könnun Capacent fyrir Alcan: Greina ekki frá niðurstöðunni

**STÓRIÐJA** Alcan ætlar ekki að opinbera niðurstöður könnunar sem Capacent Gallup gerði í febrúar á viðhorfi Hafnfirðinga til stækkunar álversins í Straumsvík.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, segir að könnunin sé vinnuþagg.

Meirihluti Hafnfirðinga hafnaði stækkun álversins í könnun sem gerð var fyrir Alcan í desember.



**HRANNAR PÉTURSSON**



**IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK** Miðstjórn Samiðnar vill að samtök launamanna séu höfð með í ráðum við stofnun einkavæðs iðnskóla.

## Einkavæðing Iðnskólans: Samiðn undrast ósamráð

**MEINTAMÁL** Miðstjórn Samiðnar, sambands Iðnfélaga, hefur lýst yfir undrun sinni á því að ekki hafi verið rætt við samtök launamanna þegar leitað var eftir samstarfi við atvinnulífið við undirbúning stofnunar einkavæðs iðnskóla og sameiningu við Fjöltækniskólann.

Það er skoðun miðstjórnarinnar að til þess að iðnnám sé sem best í takt við atvinnulífið þurfi að vera þrífliða samstarf milli skóla, samtaka launamanna og samtaka atvinnurekenda í hverjum iðngreinaflokki.




## Einstakt úrval af snyrtivörum fyrir þig

Þú þarft bara að fara á einn stað til að kaupa lyf eða snyrtivörur fyrir þig og þá sem þér þykir vænt um. Þú færð allt sem lætur þér líða vel í Lyf & heilsu Kringlunni.



## VEÐURSPÁ

um hádegis »



um hádegis »

Kaupmannahöfn	4°C skúrir	London	12°C skúrir	Alicante	22°C léttskýjað
Þórshöfn	7°C skúrir	Paris	13°C hálfskýjað	Mallorca	16°C skýjað
Osíó	1°C snjóél	Frankfurt	11°C rigning	Algarve	18°C léttskýjað
Stokkhólmur	1°C skýjað	Friedrichshafen	6°C skúrir	Krit	16°C heiðskirt
Gautaborg	3°C skýjað	Berlín	10°C skýjað	Las Palmas	21°C heiðskirt

\*Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Nú hefur myndast nýr meðbyr í persónulegri fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki



BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | [www.byr.is](http://www.byr.is)



**KJÖRKASSINN**

Ferð þú til útlanda í sumar?

Já	55,2%
Nei	44,8%

**SPURNING DAGSINS Í DAG?**  
Hefur þú fundið fyrir lækun á matvælavæðing?

Segðu þína skoðun á [visir.is](http://visir.is)

Meint samráð fyrirtækja innan Samtaka ferðaþjónustunnar:

## Rannsakað í minnst hálf tölvaár

**SAMKEPPNI** Forsaga þess að Samkeppniseftirlitið gerði húsleit á föstudaginn hjá Samtökum ferðaþjónustunnar, Ferðaskrifstofu Íslands og Heimsferðum/Terra Nova er minnst sex mánaða löng.

Rannsóknin hófst með ábendingu sem ekki er dagsett í gögnunum þeim sem fylgja úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur um húsleitarheimild.

Á grundvelli þessarar ábendingar kallaði Samkeppniseftirlitið hinn 4. september eftir fundargerðum Samtaka ferðaþjónustunnar allt aftur til ársins 2000. Tveimur vikum síðar senda



**GÖGN BORIN ÚT Í KASSAVÍS** Húsleit Samkeppniseftirlits á föstudaginn var liður í rannsókn sem hefur staðið yfir síðan í septembermánuði síðastliðnum.

Samtökin gögnin á tölvutæku formi til Samkeppniseftirlits.

Að auki er tilgreind í úrskurðinum umfjöllun í DV frá fimmtudeginum 2. febrúar 2006. Hún „stýðji enn fremur að ferðaskrifstofur eigi með sér samráð“.

Þessi gögn telur Samkeppniseftirlit gefa „ríkar ástæður til að ætla að innan ferðaþjónustunnar eigi sér stað viðtækt samráð á ýmsum sölustigum“.

Þau sýni að forsvarsmenn fyrirtækja innan Samtakanna hafi ítrekað rætt saman um verðlagningu og álagningu fyrir þjónustu sína um árabil.

- kóp

## Flugfélag Íslands: Flýgur milli Akureyrar og Keflavíkur

**FERÐAÞJÓNUSTA** Flugfélag Íslands býður í sumar í fyrsta sinn upp á flug milli Akureyrar og Keflavíkur og milli Keflavíkur og Nuuk á Grænlandi.

Haldið var upp á tíu ára afmæli Flugfélags Íslands á laugardag en það varð til með sameiningu innanlandsdeildar Flugleiða og Flugfélags Norðurlands. Farþegar félagsins voru rúmlega 370 þúsund í fyrra. Á þeim tíu árum sem flugfélagið hefur starfað hafa yfir þrjár milljónir farþega flogið með félaginu.

- þo

**PERSÓNUVERND**

**Skoðar kvíðnar stúdíur**  
Persónuvernd hefur veitt Jóhönnu Bernharðsdóttur, lektor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og Reiknistofnun Háskólans, heimild til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rannsóknina „Sálræn líðan kvenstúdenta við Háskóla Íslands; Tíðni depurðar- og kvíðaeinkenna.“ Heimild Persónuverndar þarf þegar unnið er með persónuupplýsingar á borð við þær sem Jóhanna hyggst nota við rannsókn sína.

**KÍNA**

**Framlög til hermála aukin**  
Kínverski stjórnmálamaðurinn ákveður að auka framlög til hermála um átján prósent. Kínverski herinn, sem er sá stærsti í heimi með 2,3 milljónir hermanna, hefur verið gagnrýndur fyrir að erfitt sé að henda reiður á raunverulegu umfangi hans. Telja bandarísk stjórnmálamaður að framlag kínverskra stjórnmála til hermála sé hugsanlega mun meira en gefið er upp þar sem ekki sé gert grein fyrir vopnakaupum.

# Breyta þarf vinnubrögðum Alþingis

Tæpur þriðjungur þjóðarinnar treystir Alþingi samkvæmt Þjóðarpól Gallup. Traust til þingsins hefur ekki mælst minna síðan mælingar hófust. Þingforseti segir að breyta þurfi vinnubrögðum og setja skýrari ramma um starf Alþingis.

**STJÓRN MÁL** Tuttugu og níu prósent þátttakenda í Þjóðarpól Gallup bera traust til Alþingis. Hlutfallið er fjórtán prósentum lægra en í fyrra og hefur ekki verið jafn lítið síðan kannanir hófust 1993. Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, segir að breyta þurfi vinnubrögðum á þingi og minnka málþóf.

Traust til dómskerfisins er 31 prósent samkvæmt könnuninni og lækkar um tólf prósent. Sjöttu prósent sögðust treysta heilbrigðiskerfinu, 78 prósent bera traust til lögreglunnar og 85 prósent treysta Háskóla Íslands.

„Þessar niðurstöður eru mikið áhyggjuefni fyrir þingið,“ segir Sólveig. „Ég held að það þurfi að breyta vinnubrögðum og setja skýrari ramma utan um starfið á þinginu. Það má vera að þessi könnun endurspegli eitthvað hvernig þetta fyrirkomulag hefur verið, langar umræður og jafnvel málþóf.“

Hún segist svo sannarlega vona að Alþingi rétti úr kútnum því þar sé afskaplega mikilvægt starf unnið. „Svo verðum við að hafa í huga að kosningar nálgast og þá er meiri hiti í mönnum.“

„Ég held að það sé vaxandi óánægja með ríkisstjórnina sem fólk tengir við Alþingi,“ segir Óssur Skarphéðinsson, þingflokksformaður Samfylkingar. „Mín skoðun er að minnkandi sjálfstæði Alþingis undir ofurvaldi ráðherraræðisins hafi leitt til þess að fólk hefur ekki sömu trú á sjálfstæði Alþingis og áður.“

Niðurstöður könnunarinnar koma Ragnari Arnalds, fyrrum þingmanni Alþýðubandalags, á óvart.

„Augljóslega er eitthvað að, en hver skýringin er get ég ekkert



**ÞINGSETNING** Doktor í stjórnmálafræði segir traust til stofnana á borð við þing og dómstóla fara almennt dvinandi á Vesturlöndunum. Þetta sé líklegast vegna þess að breyttur lífsstíll og gagnrýni hugsun fái fólk til þess að draga valdið meira í efa en áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**STEFÁNÍA ÓSKARSDÓTTIR**

**ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON**

**RAGNAR ARNALDS**

**SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR**

sagt um að svo stöddu. Þetta er ótvírætt áhyggju- og umhugsunarefni.“

Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur segir erfitt að segja til um hvað valdi niðurstöðunnar en bendir á að traust til stofnana á borð við þing og dómstóla fari almennt dvinandi á Vestur-

löndum. Lífsstílsbreytingar og gagnrýnin hugsun fái fólk oft til að efast um valdið.

„Síðan hefur málþófið um RÚV ohf. kannski haft áhrif á einhverja. Pólitísk umræða hefur verið mjög óvæginn nú rétt fyrir kosningar, og eitthvað hlaut að gefa eftir.“

salvar@frettabladid.is

**SKRÁNING VÍXLA Í KAUPHÖLL ÍSLANDS**

Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419, hefur birt lýsingar vegna skráningar víxla bankans í Kauphöll Íslands hf., fyrir árið 2007. Víxlarnir verða skráðir mánudaginn 5. mars 2007. Hver víxlaflokkur er að hámarki 10.000.000.000 kr. Einingar víxlanna eru 5.000.000 kr. Heildarupphæð útgáfunnar er 120.000.000.000 kr.

Auðkenni	Skráningardagur	Gjaldlagi
KAUP 07 0115	9. október 2006	15. janúar 2007
KAUP 07 0215	9. október 2006	15. febrúar 2007
KAUP 07 0315	9. október 2006	15. mars 2007
KAUP 07 0416	5. mars 2007	16. apríl 2007
KAUP 07 0515	5. mars 2007	15. maí 2007
KAUP 07 0615	5. mars 2007	15. júní 2007
KAUP 07 0716	5. mars 2007	16. júlí 2007
KAUP 07 0815	5. mars 2007	15. ágúst 2007
KAUP 07 0914	5. mars 2007	14. september 2007
KAUP 07 1015	5. mars 2007	15. október 2007
KAUP 07 1115	5. mars 2007	15. nóvember 2007
KAUP 07 1214	5. mars 2007	14. desember 2007

Víxlarnir eru vaxtalausir og óverðtryggðir. Lýsingar og þau gögn sem vitnað er til í þeim er hægt að nálgast hjá Kaupþingi banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Lýsingar er einnig hægt að nálgast á heimasíðu Kaupþings banka hf. [www.kaupthing.com](http://www.kaupthing.com) og vef Kauphallar Íslands hf. [news.icex.is](http://news.icex.is).

Umsjónaraðili skráningar í Kauphöll Íslands er Kaupþing banki hf.

Reykjavík, 5. mars 2007



Í fyrsta sinn í sögu Eistlands halda stjórnarflokkar meirihluta eftir kosningar:

## Ríkisstjórn Eistlands hélt velli

**EISTLAND. AP** Eftir að meirihluti atkvæða hafði verið talinn sýndu tölur að ríkisstjórn Eistland hélt velli í þingkosningunum sem fóru fram í gær. Er það í fyrsta skipti eftir að landið varð aðili að Evrópusambandinu sem sitjandi ríkisstjórn heldur meirihluta eftir kosningar.

Umbótaflokkurinn, sem er miðhægri flokkur, og Miðjuflokkurinn, sem hallast til vinstri, mynda samsteypustjórn. Þegar að 60 prósent atkvæða höfðu verið talin var Umbótaflokkurinn með tæp 27 prósent atkvæða og Miðjuflokkurinn með tæplega 23 prósent.

Stjórnmálaskýrendur sögðu



**ATKVÆÐI GREITT** Ríkisstjórnir Eistlands hafa verið skammlifar frá því að landið fékk sjálfstæði árið 1991.

NORDICPHOTOS/AFP

meginspurninguna í þessum kosningum snúast um hvor flokksleiðtogi muni verða næsti forsætisráðherra Eistlands og einnig hvort

að þeir myndu þurfa að leita til þriðja flokksins til að mynda meirihluta í þinginu. Þeir hafa stjórnað undanfarið kjörtímabil með stuðningi lítills landbúnaðarflokks.

Talið er að kjörsókn hefði verið rúm 60 prósent en fyrirfram var aðeins var búist við að helmingur af þeim 895.000 Eistlendingum sem eru á kjörskrá myndu kjósa. Hægt var að kjósa á internetinu í fyrsta sinn og lýstu sumir yfir áhyggjum með að þessi aðferð byði upp á svik og kosningasvindl. Yfirvöld sögðu áhyggjur óþarfar og þessi aðferð hefði sannað gildi sitt í sveitastjórnarkosningum árið 2005.

- sdg



# ALLAN ÁRSINS HRING EF ÞÚ VILT...



*Það er stutt í hús á Spáni*

## ... SÉRSTAKLEGA ÞEGAR ÞÚ ÁTT DRAUMAHÚSNÆÐIÐ Á SPÁNI.

Við hjá Perla Investments höfum farsælega séð um að gera þennan draum að veruleika fyrir Íslendinga í tíu ár. Íslenskur löggiltur fasteignasali og íslenskt fagfólk leiðir þig áfram áreynslulaust, alla leið. Að eignast hús á Spáni er einfalt og öruggt með Perla Investments.

### Við þjónustum þig á alla lund, við meðal annars:

- Útvegum þér allt að 100% lán á bestu mögulegu kjörum
- Veitum bankaábyrgðir á greiðslur
- Þjódum þér upp á kynnisferðir til Spánar
- Sjáum um útleigu á húsnæðinu fyrir þig, auk alhliða fasteignaþjónustu: Viðhald – öryggi – tryggingar



## VEISTU SVARID?



1. Í hvaða hverfi Kaupmanna-hafnar hafa verið hvað mestar óeirðir undanfarna daga?
2. Hvaða samtök hlutu bjart-sýnisverðlaun Framsóknar-flokksins á landsþingi hans?
3. Hvaða hópur hannar búningana fyrir nýjasta plötu-umslag Bjarkar?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Nýtt hlutfélag um framleiðslu jurtaolíu úr kanadísku kanólafræi á Akureyri:

## Fiskiskip brenni jurtaolíu

**RANNSÓKNIR** Hagkvæmni framleiðslu jurtaolíu úr kanadísku kanólafræi á Akureyri er nú til athugunar. Hlutfélagið ORKEY hefur verið stofnað utan um verkefnið og er kannað hvort framleiðslan geti farið fram í gömlu Krossanesverksmiðjunni við Akureyri.

Slík jurtaolía er vistvænn orkugjafi sem má brenna í stað svartolíu í skipum.

Kanadískir aðilar komu til Akureyrar síðastliðið haust og könnuðu möguleika á að Akureyrarhöfn yrði umskipunarhöfn fyrir útflutningsvörur þeirra, meðal annars kanólafræja sem flutt eru frá Kanada til meginlands Evrópu og notað þar til framleiðslu jurtaolíu. Í framhaldi af heimsókninni kviknaði sú hugmynd að



**Í HÖFN** Fjórðungur fiskiskipaflorens brennir svartolíu og brensla jurtaolíu er því mikilvæg í takmörkun á útblástursmengun.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

framleiða olíu úr slíku fræi hér á landi og hafði mennta- og rannsóknaklasi Vaxtarsamnings Eyjafjarðar, ásamt Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar og Akureyrarhöfn, forgöngu um að hagkvæmniathugun var gerð. Hefur hún nú leitt til stofnunar undirbúningsfélags.

Mikill ávinningur er fólgin í því fyrir sjávarútveginn að þróa vistvænni orkugjafa en svartolíuna, sem um fjórðungur flotans brennir í dag. Jurtaolían er vistvæn olía og getur þannig orðið mikilvægur

hlekkuur í takmörkun á útblástursmengun flotans. Íslensk fiskiskip brenna nú um 60.000 tonn af svartolíu árlega en um þrefalt meira magni af díselolíu.

- shá

Starf forstjóra Strætó bs:

## Yfir fimmtíu sóttu um

**ATVINNUMÁL** Yfir fimmtíu umsóknir bárust um starf framkvæmdastjóra Strætó bs en starfið var auglýst laust til umsóknar eftir að Ásgeir Eiríksson ákvað að láta af því í byrjun síðasta mánaðar.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fulltrúi Reykjavíkur í stjórn Strætó bs., segir að í síðustu viku hafi verið rætt við hluta umsækjenda og viðtölum verði framhaldið í þessari viku.

Vonir standi til að hægt verði að ganga frá og tilkynna um ráðningu nýs framkvæmdastjóra eftir um það bil tvær vikur.

- kdk



**GRAND PRINCESS** Sífellt stærri skemmtiferðaskip koma til landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Skemmtiferðaskip á Íslandi: Kanna þörfina

**SAMGÖNGUMÁL** Starfshópur, sem á að skilgreina þarfir á uppbyggingu hafna og þjónustu við skemmtiferðaskip, hefur verið skipaður.

Um áttatíu skemmtiferðaskip komu til landsins á síðasta ári, með samtals 55 þúsund farþega. Talið er að tekjur vegna hafna- og vitagjalda nemi um 130-150 milljónum króna og að farþegarnir eyði 500 milljónum í vörur og þjónustu í landi.

- shá

Sérfræðingur Landhelgisgæslunnar fer til starfa hjá Sameinuðu þjóðunum:

## Ísland framarlega í fjareftirliti

**LANDHELGISGÆSLAN** Gylfi Geirsson, starfsmaður Landhelgisgæslunnar, mun starfa hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) næstu mánuði við verkefni tengd fjareftirliti og rafrænum afladagbókum. Verkefnið er unnið í samvinnu við sjávarútvegs- og utanríkisráðuneytið. Matvæla- og landbúnaðarstofnunin óskaði eftir því við íslensk stjórnvöld að Ísland sendi fjareftirlitssérfræðing til starfa hjá stofnuninni en á alþjóðavettvangi hefur Ísland getið sér orð fyrir að vera í fremstu röð á þessu sviði í heiminum.

Innan fiskveiðilögsagna ríkja og á úthafsveiðisvæðum fer eftirlit með fiskveiðum í æ ríkari mæli fram með fjareftirliti og auðveldar það til muna skipulag eftirlits frá sjó og úr lofti. Veiðiskipin eru búin sjálfvirkur senditæki sem sendir boð um gervihnött til eftirlitsstöð-



**ÁÐ STÖRFUM** Gylfi Geirsson sést hér við kynningu á fjareftirliti á ráðstefnu FAO í Róm árið 2005.

MYND/LHG

ar í heimalandinu og þannig er hægt að fylgjast náið með staðsetningu skipsins. Fjareftirlitið eykur einnig möguleika á björgun skipa enda er með þeim hætti hægt að staðsetja skip í sjávarháskaga og auðvelda þannig björgunarskipi, öðrum nærstöddum skipum eða björg-

unarloftfari að nálgast það. Fjölþjóðlegar fiskveiðinefndir hafa meðal annars nýtt sér þessa tækni til að hafa eftirlit með veiðum á úthafsveiðisvæðum. Fjareftirlitið kemur ekki í stað virks eftirlits á sjó og úr lofti en gerir það mun markvissara.

- shá

Fjöldi í grunnnámi staðnar:

## Mikil fjölgun í framhaldsnámi

**MENTAMÁL** Framhaldsnemum í háskólum á Íslandi hefur fjölgað mjög á síðustu árum.

Útlit er fyrir að áfram fjölgi á næstu árum. Á árunum 1995 til 2006 margfaldaðist fjöldi doktorsnema.

Árið 1995 voru þeir átta en ellefu árum síðar voru þeir orðnir 195. Sama þróun varð í meistaranámi, árið 1995 voru meistaranemar við íslenska háskóla 183 en 2.080 voru í slíku námi á síðasta ári.

Athygli vekur að þó mikið hafi fjölgað í framhaldsnámi hefur fjöldi nema í grunnnámi í háskólum staðið í stað frá árinu 2003.

Fram til þess fjölgað þeim mikið. Stefnt hefur verið að því að fjölga framhaldsnemum í háskólum meðal annars til að efla rannsóknir skólanna.

- kdk

## Passat 100% lán

Nokkur dæmi um glæsilega Volkswagen Passat hjá Bílaþingi HEKLU



Klettháls

## VW Passat 4x4 2,0 Trendline

Beinsk. Árg. 03. ek 82.000.

Verð áður 1.520.000 kr. Verð nú 1.290.000 kr.

Afborgun pr. mán.: 20.725 kr. í 72 mán.



Klettháls

## VW Passat 1,6 Baseline

Beinsk. Árg. 01. ek 67.000.

Verð áður 1.000.000 kr. Verð nú 870.000 kr.

Afborgun pr. mán.: 16.447 kr. í 60 mán.



Klettháls

## VW Passat 2,0 Trendline

Sjálfsk. Árg. 04. ek 33.000.

Verð áður 1.990.000 kr. Verð nú 1.750.000 kr.

Afborgun pr. mán.: 24.568 kr. í 84 mán.



Klettháls

## VW Passat 2,0 Trendline

Beinsk. Árg. 04. ek 54.000.

Verð áður 1.550.000 kr. Verð nú 1.320.000 kr.

Afborgun pr. mán.: 18.546 kr. í 84 mán.



Klettháls

## VW Passat 1,8 Comfortline

Sjálfsk. Árg. 99. ek 133.000.

Verð áður 790.000 kr. Verð nú 690.000 kr.

Afborgun pr. mán.: 15.591 kr. í 48 mán.



Klettháls

## VW Passat 2,0 Trendline

Beinsk. Árg. 01. ek 79.000.

Verð áður 1.190.000 kr. Verð nú 1.050.000 kr.

Afborgun pr. mán.: 19.870 kr. í 60 mán.

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is

www.bilathing.is  
bilathing@hekla.is

Opíð mánudaga til föstudaga kl. 10-18 • Laugardaga kl. 12-16

BÍLAÞING HEKLU  
Númer eitt í notuðum bílum





Size Communication



Doosan Infracore  
Construction Equipment



[www.doosaninfracore.com](http://www.doosaninfracore.com)







**MYNDIN AF MAÓ** Kínverskir hermenn standa vörð við stóra mynd af Mao Zedong í Peking, þar sem þjóðþingið kemur saman í næstu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Próunarfélag Keflavíkurflugvallar endurheimtir ýmsan búnað sem herinn notaði:

## Kaupir orgel og ræðustól

**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Próunarfélag Keflavíkurflugvallar hefur keypt ýmsan búnað og húsgögn sem áður voru í mannvirkjum Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli.

Varnarliðið seldi Geymslu-svæðinu búnaðinn áður en það hvarf af landi brott og skilaði svæðinu til íslenskra stjórnvalda.

Meðal þess sem Próunarfélagið keypti eru húsgögn og annar nauðsynlegur búnaður í kapelluna á Vellinum en hún þjónaði mörgum trúarhópum. Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Próunarfélagsins, segir að þar á meðal séu ræðustóll og orgel en hann hefur

ekki vitneskju um altaristafla hafi verið í kapellunni.

„Við keyptum bara það sem við álitum að hefði þýðingu fyrir okkur,“ segir Kjartan en auk orgels og stóls nefnir hann búnað í veitingasal kapellunnar, tæki og tól sem notuð voru í íþróttahúsi staðarins og búnað til að þrifa sundlaugar. Kjartan vill ekki gefa upp hvert kaupverðið var en segir að það nemi einhverjum milljónum um króna.

- ghs

**Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Próunarfélag Keflavíkurflugvallar hefur keypt nauðsynlegan búnað sem hafði verið seldur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Ofbeldi og mansal barna:

## Ráðstafanir á ábyrgð ríkja

**FÉLAGSMÁL** Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra kynnti aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda vegna heimilis- og kynferðislegs ofbeldis á kvennanefndarfundum Sameinuðu þjóðanna í New York. Meginefni fundarins er mismunur og ofbeldi gegn stúlkum.

Magnús kallaði barnaofbeldi „andstyggileg mannréttindabrot“ og tók undir niðurstöðu skýrslu SP um að það væri á ábyrgð ríkja að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana. Íslensk stjórnvöld hafa veitt fé til aðgerða í Sierra Leone til að auðvelda börnum sem hafa verið þvinguð til hermennsku afturhvarf til eðlilegs lífs.

- bem



**PÓSTURINN**  
allur þakinn

## Ert þú að flytja innanlands?

Mundu að tilkynna um breytt heimilisfang þitt og allra fjölskyldumeðlima á postur.is eða næsta pósthúsi. Einnig þarf að tilkynna um breytt heimilisfang til Hagstofu Íslands, viðskiptabanka og allra sem senda þér bréf. Pósturinn sér ekki um slíkar tilkynningar.

**Áframsending** er í boði fyrir þá sem flytja innanlands.

Almennar bréfasendingar sem stílaðar eru á gamla heimilisfangið eru þá áframsendar á nýja heimilisfangið.

**Biðpóstur** er í boði fyrir þá sem eru ekki heima hjá sér tímabundið. Pósturinn þinn áframsendir á umbeðið pósthúsi þar sem þú getur nálgast hann þegar þér hentar.

Sækja þarf um ofangreinda þjónustu á postur.is eða næsta pósthúsi. Áframsendingargjald fyrir þrjá mánuði er 990 kr. og mánaðargjald fyrir biðpóst er 580 kr.

Að sjálfsgöðu er hægt að tilkynna um flutning án þess að greiða þjónustugjald en þá mun áframsending ekki taka gildi og endursenda verður þau bréf sem berast á gamla heimilisfangið.

Þjónustuver | sími 580 1200 | postur@postur.is | www.postur.is



**DANSKAR HERPOTUR** Yfirmaður danska herafllans vill að virku samstarfi um æfingar og kerfisbundin skipti á upplýsingum verði komið á á næsta ári.

NORDIC PHOTOS/AF

## Áhugi á flugæfingum hér

Yfirmaður danska hersins telur óþarft að orrustuþotur séu á Íslandi en gæta þurfi öryggis á N-Atlantshafi.

**VARNARMÁL** Hans Jesper Helsø, yfirmaður danska herafllans, segist eiga bág með að sjá þörf á því að orrustuþotur séu að staðaldri á Íslandi. Hann segir Dani áhuga-sama um að nýta Keflavíkurflugvöll til flugheræfinga, í samstarfi við fleiri Atlantshafsbandalagsríki. Helsø segist vænta þess að unnt verði að undirrita með vorinu samninga um slíkt og annað samstarf Íslendinga og Dana um öryggis- og varnarmál.

„Það eru nokkur bandalagsríki, og bandalagið sjálft sem slíkt, sem hafa hagsmuna að gæta á Norður-Atlantshafi og hafa áhuga á að taka með virkum hætti þátt í að tryggja öryggi á svæðinu,“ segir Helsø og bætir við: „Drifum í því strax í ár að koma á virku samstarfi um æfingar og kerfisbundin skipti á upplýsingum.“

Auk Íslands og Danmerkur nefnir Helsø í þessu samhengi Bandaríkinn, Noreg, Kanada og Bretland.

Helsø segist hafa lesið ræðu Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra um öryggis- og varnarmál, sem hún flutti fyrir mánuði. Hann sjái ýmislegt jákvætt í ræðunni, einkum er varðar Íslensku friðargæsluna. Í friðargæsluverkefni á borð við það sem NATO sinnir nú í Afganistan sé alltaf þörf á borgaralegum sérfræðingum á borð við

verkfræðinga, flugumferðarstjóra, hjúkrunarfólk og tölvunarfræðinga. Sjálfur hafi hann hitt íslensku sprengjusérfræðingana, sem um tíma þjónuðu með danskri herdeild í Írak, og sannfærst um að þar færu mjög hæfir menn. Helsø segist vel geta séð fyrir sér aukid samstarf Íslendinga og Dana af þessu taginu, þar sem Íslendingar legðu til borgaralega sérfræðinga en Danir vopnaða hermenn.

Samningar við Bandaríkjamenn um rekstur Íslenska loftvarnakerfisins (IADS) rennur út um miðjan ágúst næstkomandi.

Helsø segir að NATO þurfi að meta þörfina á íslenska kerfinu fyrir loftvarnakerfi sitt. Hvort þörf sé á að reka það í óbreyttri mynd áfram þori hann ekki að segja til um, enda hafi tæknibreytingar einnig mikil áhrif þar á. NATO ákvað að ekki væri lengur þörf á ratsjárstöðinni í Færeypjum, sem þar var rekin þar til um síðustu áramót, og því spurning hvort bandalagið sjái ástæðu til að reka áfram fjórar ratsjárstöðvar á Íslandi.

Ljóst sé að minnsta kosti, að allar aðildarþjóðirnar 26 þyrftu að vera sammála um þörfina á kerfinu, í núverandi eða breyttri mynd, til að grundvöllur skapaðist fyrir kostnaðarþátttöku bandalagsins.

audunn@frettabladid.is

## Tunglmyrkvi sást víða

**NÁTTÚRA** Tunglmyrkvi sást víða um heim á laugardagskvöld og aðfaranótt sunnudags. Hér á landi sást myrkvinn víða þótt skýjað hafi verið í hófuðborginni.

Almyrkvinn hófst um stundarfjórðungi fyrir klukkan ellefu og lauk um miðnættið. Áhugasamir fylgdust með hvernig tunglið dökknadi og roðnaði en tunglmyrkvi hefur ekki sést á Íslandi síðan í október 2004.

Tunglmyrkvi verður þegar tunglið gengur inn í skugga jarðar á sama tíma og jörðin er á milli sólar og tungls. Fyrirbrigðið er



**TUNGLMYRKVI** Tunglið skipti litum áður en það myrkvaðist.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ekki sjaldgæft og stundum sjást tveir tunglmyrkvar á ári.

- þo

**AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**  
**FRÉTTABLAÐIÐ**





Brunamálaskóli fær húsnæði:

## Nýr skóli á Miðnesheiði

**SKÓLAMÁL** Brunamálaskólinn hefur fengið fast aðsetur á Miðnesheiði.

Skólinn annast menntun og þjálfun á þriðja hundruð manns árlega.

Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra fagnar tímamótunum og segir að verkefnum slökkviliða við björgun vegna slysa, elds og náttúruhamfara hafi fjölgað á undanföllum árum.

Hún bendir enn fremur á að ástandið í heimsmálum hafi orðið til þess að þjóðfélagið leggi síaukna áherslu á innra öryggi og þar gegni slökkviliðin lykilhlutverki.

- bej

Vísindamenn hafa fundið gen sem talið er hafa mikil áhrif á einhverfu:

# Stuðlar að nýrri meðferð við einhverfu

**VÍSINDI** Vísindamenn segja að niðurstöður nýrrar viðamikillar rannsóknar á einhverfu muni hjálpa til við að finna nýjar meðferðarleiðir við þessum flókna heilakvilla.



**NÝ LEIÐ** Vonast er til að nýjar meðferðarleiðir við einhverfu séu í sjónmáli. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Með því að rannsaka stærsta úrtak fjölskyldna með margvíslegar gerðir af einhverfu sem notað hefur verið tókst vísindamönnum að finna gen sem þeir telja að hafi mikilvæg áhrif á einhverfu. BBC greinir frá þessu á fréttavef sínum.

Vísindamenn hafa lengi talið að villur í genauppbyggingu einstaklinga geti að einhverju leyti valdið einhverfu. Niðurstöður þessarar nýju rannsóknar leiddu til uppgötvunar á geni sem kallast neurexin 1 á litningi númer ellefu.

Neurexin tilheyrir genafjölskyldu sem hjálpar til við samskipti á milli taugafruma og vísindamennirnir telja að það spili lykilhlutverk varðandi þá kvilla sem tilheyrja einhverfu.

Yfir 120 vísindamenn frá níttján löndum unnu að rannsókninni, sem hófst fyrir fimm

## HVAÐ ER EINHVERFA?

Proskaröskun sem á sér stað á miðtaugakerfi, oftast á fósturstigi, og æðri heilastarfsemi skerðist. Þetta hamlar möguleikum einstaklingsins til samskipta og til að próa félagsleg tengsl.

Einkenni eru aðeins sýnileg í hegðun einstaklingsins. Birtist aðallega í skorti á færni en einnig í áráttukenndri hegðun eða að hegðun sé sjaldgæf og sérkennileg.

Heimild: Doktor.is

árum. John Burn, prófessor við Mannerfðafræðistofnunina við Háskólann í Newcastle, sagði að þótt þessi eina uppgötvun gæfi ekki skýr svör um orsakir einhverfu væri hún lykilskef í þróun á meðferðum þar sem hún myndi nýtast við lyfjapróun. - sdg

## Varað við erlendum gylliboðum

**VIÐSKIPTI** Fjármálaeftirlitið (FME) varar við tilboðum útlendinga sem hafi milligöngu um hlutabréfaviðskipti í erlendum fyrirtækjum.

Hlynur Jónsson, sviðsstjóri verðbréfasviðs FME, segir á vef eftirlitsins að mikil umfjöllun um íslenskan fjármálamarkað í erlendum fjölmiðlum síðastliðin tvö ár hafi vakið áhuga ýmissa útlöndum. Þar séu fjárfvikamenn ekki undanskildir. Hann leggur áherslu á að fólki beri að varast tilboð sem þessi og ítrekar að fólki kanni bakgrunn þeirra sem slíkt bjóði.

Fjármálaeftirlitið birtir líka á vef sínum aðvaranir, sambærilegar við það sem gert er hjá systurstofnunum FME í Evrópu.

- jab



**Á LANDLEIÐ** Engin kaupskip eru skráð hér á landi.

Samgönguráðuneytið:

## Íslensk alþjóðleg skipaskrá

**SAMGÖNGUMÁL** Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá sem heimilar skráningu kaupskipa hér á landi. Jafnframt hefur verið unnið frumvarp í fjármálaráðuneytinu um þau skattalegu og rekstrarlegu atriði sem nauðsynlegt er að taka á til að slík skrá verði virk.

Engin íslensk kaupskip eru skráð hérlendis og því engin íslensk kaupskip í siglingum hvort sem er milli landa eða í strandsiglingum. Engar tekjur eru því af slíkri skrá hér á landi hvort heldur er í formi skatta né með öðrum hætti, en gera má ráð fyrir því að slíkri skrá fylgi ýmiss konar hliðarstarfsemi. - shá

Ný þjónustugátt upplýsinga:

## Rafvæðing lyfseðla í lok árs

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisyfirvöld stefna að rafvæðingu helmingis allra lyfseðilssendinga í lok ársins.


um Jerry Springer sem hann samdi með félaganum Stewart Lee en hún fjallar um einn meistara lágkúrunnar, spjallþáttakónginn Springer og hyski hans. Ópera sú var frumsýnd 2003 en hún er nú margverðlaunuð þrátt fyrir að vekja litla hylli meðal trú- rækis

fólks; kvörtunum rigndi inn þegar verkið var sýnt í sjónvarpi – sjálfur Jesú Kristur er sýndur samkynhneigður í því stykki og félagar í Ku Klux Klan sjást þar stíga fjóruga steppdans.

Nú er Thomas búinn að skrifa sex litla söngleiki sem eru til sýninga á sjónvarpsrásinni BBC2. Þættir þeir byggja, líkt og Springer-óperan, á sjónvarpsfni en Thomas leitar fanga í raunveruleika sjónvarpsþáttum, breskum heimildamyndum og hámenningarlegri dagskrárgerð en vitanlega snýr hann út úr öllu saman. Þættirnir sem hér um ræðir heita The Apprentice, Question Time, The South

Bank Show, Panorama og Wife Swap en þá er búin að afbaka og sjóða niður í hálf tíma langar óperur þar sem lágmenningin mætir hámenningunni á svadalegan hátt. Blótsyrði, uppköst og munnmök eru í það minnsta ekki viðtekin viðfangsefni í óperum – hvað þá þær gjörðir að sprengja spendýr í loft upp.

Thomas er sjálfmenntað tónskáld og óttalegt undrabarn í músík af lýsingunum að dæma. Hann er einnig reynslumikill uppstandari og kveðst hafa þá hugsjón að gleðja fólk. Ahorfendur verða síðan að dæma um hvornig til tekst en mögulega fær hann fleiri til þess að vilja forvitnast um óperur. - khh

HÁÐFUGLINN THOMAS

Var grugur á svip þegar hann fékk verðlaun fyrir óperuna um Jerry Springer. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



# +

Ástætur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Pétur J. Pétursson**

frá Galtará, Bakkastöðum 73b,

sem andaðist á Landspítalanum Fossvogi 19. febrúar sl. verður jarðsönginn frá Grafarvogskirkju hinn 7. mars kl. 13.00.

Ragnheiður Guðmundsdóttir	Inga Arnar
Guðmundur Pétursson	Freysteinn Vigfússon
Anna Bára Pétursdóttir	Guðrún Ólafsdóttir
Sigurður Pétursson	Valtýr Reginsson
Ingibjörg Pétursdóttir	

barnabörn og barnabarnabörn.

15% afsláttur af öllum legsteinum og fylgihlutum

Englasteinar

Helluhraun 10 Hafnarfjörð  
Sími: 565-2566  
[www.englasteinar.is](http://www.englasteinar.is)



POURQUOI PAS?  
FRANSKT VOR Á ÍSLANDI



Brimborg styrkir franska daga

  
CITROËN



## Citroën C1 er bara fyrir kynhneigða

Við erum á móti fordómum. Citroën C1 er sérstaklega hannaður fyrir fólk af báðum kynjum. Jafnréttið er franskt. Citroën C1 er fyrir samkynhneigt og gagnkynhneigt fólk. Komdu í Brimborg í dag.

Gerðu góð kaup. Sjáðu [citroen.is](http://citroen.is)

# Núna 1.435.000\*

Citroën C1 SX 1,0i 5 dyra 5 gíra 68 hð

  
brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.citroen.is](http://www.citroen.is)

\*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**ABBA BABB!**  
eftir Dr. Gunna

**FRÁBÆR FJÓLSKYLDUSKEMMTUN!**

Sunnudagur 11. mars kl:17 örfá sæti laus  
Sunnudagur 18. mars kl:17 örfá sæti laus  
Sunnudagur 25. mars kl:17 örfá sæti laus

Miðasala í síma 555 2222  
eða á [www.midi.is](http://www.midi.is)  
[www.abbababb.is](http://www.abbababb.is)

Leikhúpurinn Á senunni & HAFNARFIJARDAR LEIKHÚSIÐ

**GIANNI SCHICCHI** Giacomo Puccini  
**SUOR ANGELICA**

ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR  
Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini

Frumfyrirningur fim. 21. mars kl. 20  
2. sýn. sun. 27. mars kl. 20  
3. sýn. fim. 29. mars kl. 20

Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik

[www.opera.is](http://www.opera.is) | [opera@opera.is](mailto:opera@opera.is) | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.  
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN  
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA  
Í 25 ÁR

**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

**Patrekur 1,5**

**Stóra sviðið kl. 20:00**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.  
Sun. 11/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 18/3 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 17:00 nokkur sæti laus, sun. 25/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 15/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 22/4 kl. 14:00 örfá sæti laus. **Sýningum lýkur í apríl!**

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flis.  
Forsýning þri. 6/3 nokkur sæti laus. Miðaverð kr. 1.500,-  
Frumfyrirningur fim. 8/3 uppselt, 2. sýn. fös. 9/3 örfá sæti laus, 3. sýn. lau. 10/3 örfá sæti laus, 4. sýn. mið. 14/3 örfá sæti laus, 5. sýn. fim. 15/3 örfá sæti laus, 6. sýn. fös. 16/3 örfá sæti laus, 7. sýn. lau. 17/3 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 24/3 nokkur sæti laus.

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker  
Mán. 12/3 uppselt, þri. 13/3 uppselt.

**Ímyndunarveikin** eða Þögn Molières eftir Molière/Macchia.  
Franskur gestaleikur með íslenskum texta.  
Fim. 22/3 örfá sæti laus, fös. 23/3.

**Smiðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.  
Þri. 6/3 kl. 17:00 örfá sæti laus, Sun. 11/3 uppselt.  
**Ath!** Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir skólanema gegn framvisun skólaskirteinis.

**Kúlan**

**PÉTUR OG ÚLFURINN** - Brúðsýning Bernds Ogronniks eftir verki Prokofievs.  
Lau. 10/3 kl. 13:30 örfá sæti laus og 15:00 örfá sæti laus, sun. 11/3 kl. 13:30 örfá sæti laus og 15:00 örfá sæti laus, lau. 17/3 kl. 13:30 nokkur sæti laus og kl. 15:00 nokkur sæti laus, sun. 18/3 kl. 13:30 nokkur sæti laus og 15:00 nokkur sæti laus.  
**Takmarkaður sýningafjöldi.**

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is).

Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.  
Leikhúskjallarinn opin fyrir eftir sýningar föstudaga og laugardaga.  
Upplýsingar í miðasölusíma.

**„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“**  
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD	DAGUR VONAR
Fös 9/3 kl. 20 Síðasta sýning	Fim 8/3 kl. 20 UPPS. Fös 9/3 kl. 20 UPPS. Fim 15/3 kl. 20 UPPS. Fös 16/3 kl. 20 Lau 24/3 kl. 20 Sun 25/3 kl. 20 Mið 18/4 kl. 20 Fim 19/4 kl. 20
VILTU FINNA MILLJÓN?	
Lau 10/3 kl. 20 Lau 17/3 kl. 20 Lau 31/3 kl. 20 Sun 15/4 kl. 20	
MEIN KAMPF	
Sun 18/3 kl. 20 AUKAS. Síðasta sýning	
EILÍF HAMINGJA	
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús Sun 11/3 kl. 22 Sun 18/3 kl. 20 Sun 25/3 kl. 20	
LADDI 6-TUGUR	
Fim 8/3 kl. 21, Lau 10/3 kl. 14, Fim 15/3 kl. 20, Fös 16/3 kl. 21, Lau 24/3 kl. 20, Lau 24/3 kl. 22:30 Lau 31/3 kl. 14, Mið 4/4 kl. 20 Uppselt á allar þessar sýningar! Sun 15/4 kl. 14 AUKAS. Mán 16/4 kl. 21 AUKAS. Fim 19/4 kl. 14 AUKAS. Fim 19/4 kl. 17 AUKAS. Fim 19/4 kl. 21 AUKAS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS.	
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR	
Þri 13/3 kl. 20 AUKAS. Síðasta sýning	
SÖNGLEIKURINN ÁST	
Í samstarfi við Vesturport Í kvöld kl. 20 FORSÝNING UPPS. Þri 6/3 kl. 20 FORSÝNING UPPS. Mið 7/3 kl. 20 FORSÝNING UPPS. Lau 10/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS. Sun 11/3 kl. 20 Lau 17/3 kl. 20	
RONJA RÆNINGJADÓTTIR	
Sun 11/3 kl. 14 Sun 18/3 kl. 14 Sun 25/3 kl. 14 Síðustu sýningar	
KILLER JOE	
Í samstarfi við leikhúsið Skámána Fim 8/3 kl. 20 Fös 9/3 kl. 20 Lau 10/3 kl. 20 Mið 14/3 kl. 20	
KARÍUS OG BAKTUS	
Sun 11/3 kl. 13, 14, 15, Sun 18/3 kl. 13, 14, 15, Sun 25/3 kl. 13, 14, 15, Sun 1/4 kl. 13, 14, 15, Sun 15/4 kl. 13, 14, 15, Sun 22/4 kl. 13, 14, 15 Uppselt á allar þessar sýningar! Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar	
FEBRÚARSÝNING ÍD	
Sun 11/3 kl. 20 4.sýning Græn kort Sun 18/3 kl. 20 5.sýning Blá kort Síðustu sýningar	

Miðasala 568 8000  
[www.borgarleikhusid.is](http://www.borgarleikhusid.is)

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Ritskoðuð Rauðhetta og stjúpa í meðferð

ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR SPÁIR Í ÆVINTÝRI NÚTÍMANS



Systir mín keypti um daginn bók með sögunni af Rauðhettu handa dóttur sinni. Hún varð heldur en ekki hissa þegar hún fór að lesa söguna fyrir barnið. Í þessari útgáfu át úlfurinn ekki ömmuna því henni tókst að fela sig inni í fataskáp og hann náði ekki heldur að gleypa Rauðhettu litlu því hún óskaði svo hátt að pabbi hennar kom og bjargaði henni og úlfurinn lagði á flóttu. Systur minni þótti þessi útgáfa heldur dapurleg og komst ekki hjá því að velta því fyrir sér hvort verið væri að ritskoða ævintýri fyrir börn til þess að hlífa þeim fyrir mannætuúlfum

og öðrum óhugnaði. Sagan af Rauðhettu er ekki sérlega bitastæð þegar ömmuátið hefur verið þurrkað út. Hins vegar megum við ekki gleyma því að ævintýrin eins og við þekkjum þau í dag eru alls ekki eins og þau voru upprunalega. Þau hafa tekið ýmsum breytingum í aldanna rás og yfirleitt orðið aðeins sakleysislegrí en þau voru upprunalega. Blóðugar lýsingar hafa víða verið þurrkaðar út og þótt vondi kallinn (ja, eða stjúpan) fái makleg málagjöld í sögulok eru þau ekki nærri eins mannvonskulæg og í ýmsum eldri útgáfum.

Kannski er ósköp eðlilegt að ævintýrin breytist í takt við breytta tíma. Mörg þau vandamál sem við lesum um í ævintýrunum er auð-

velt að leysa með nútíma tækni og í dag höfum við alls konar meðferðarúrræði sem henta betur en harðar refsingar. Litla ljót gæti til dæmis skráð sig í raunveruleikabáttinn Extreme Makeover og líklega væri vonda stjúpan hennar Óskubusku svipt forræði hið snarasta og fjölskyldan öll send í ráðgjöf.

Í sögunni af Mjallhvíti er þess getið í sögulök að stjúpan vonda hafi hlotið makleg málagjöld. Í einni útgáfu er hún látin dansa á glóðum þar til hún dettur niður dauð en í nýlegri Disney-útgáfu hleypur hún fyrir björg. Í framtíðinni hleypur hún kannski bara til næsta sálfræðings eða lætur leggja sig inn á meðferðarstofnun. Hver veit?

## myndasögur


### Pondus

Eftir Frode Øverli



### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





## NÝJAR BÆKUR

Forlagið Skrudda gefur út bókina **Að vera** eða sýnast eftir Hörð Bergmann. Hvað einkennir atganginn á markaði og vettvangi stjórnmálanna? Er fjölmiðlaður tilbúningur að yfirtaka veruleikann? Fyrri hluti bókarinnar, **Tilbúningurinn**, miðar að því að afhjúpa aðferðir þeirra sem bjóða almenn-



ingi vörur sínar, þjónustu, hugmyndir og hefðarspeki. Gagnrýnin beinist að kreddum og haldlitlum fullyrðingum, sjónarspili og orðræðu sem beinist að því að vekja athygli og innræta eins konar opinberan sannleika. Seinni hlutinn, **Veruleikinn**, fjallar um viðbrögð, hvernig unnt er að greina bull og blekkingar og rekja upp varasaman heilaspuna. Þar er yfirlit um einkenni gagnrýnnar hugsunar og kröfur til upplýsandi umræðu og fjallað um málnotkun og stílbrögð þeirra sem taka þátt í að túlka veruleikann og láta að sér kveða í baráttu um hugmyndalegt forræði. Skoðað er hvaða stöðir undir opinberum sannleika virðast fúnar og dreginn saman efniviður í haldbetri hugmyndaferð og leitað leiða að sannkolluðu lýðræði.

Sagan Bjargvætturinn í grasinu eftir J.D. Salinger hefur nú verið endurútfingin í fjórða sinn hjá forlaginu Skrudda.

Holden Caulfield er rekinn úr skólanum enn einu sinni og fer til New York skómmu áður en önninni lýkur. Þar þarf hann að horfast í augu við foreldra

sína, en fyrst ætlar hann að sletta úr klaufunum í nokkra daga. Bjargvætturinn í grasinu er eitt af tímamótaverkum í skáldsagnagerð 20. aldarinnar. Sagan vakti miklar deilur þegar hún kom út og var um tíma bönnuð í Bandaríkjunum. Bókin kom fyrst út á íslensku árið 1975 í þýðingu Flosa Ólafssonar.

Á ég að gæta systur minnar? eftir Jodi Picoult hefur farið sigurför um heiminn allt frá því hún kom út í Bandaríkjunum fyrir tveimur árum.

Anna er ekki veik, en hún gæti allt eins verið það. Aðeins þrettán ára gömul hefur hún gengist undir ótal skurðaðgerðir, blóðtökur og sprautur svo að eldri systir hennar, Kate, geti tekist á við hvítblæði sem hefur herjað á hana frá barnæsku. Hún hefur aldrei sett spurningarkerki við þetta hlutverk sitt ... þar til nú að hún tekur ákvörðun sem mun splundra fjölskyldu hennar og líklega verða systurinni sem hún elskar að fjörtjóni. Bókin hefur trónað í efstu sætum metsölu-lista beggja vegna Atlantsála enda er hér á ferð mögnuð saga sem fjallar um áleitinn síðferðileg málefni. Þýðandi er Ingunn Ásdísardóttir en Skrudda gefur út.



## Ímyndir Íslands á tjaldinu

Kviksaga og kvikmyndaklúbburinn Fjalakötturinn sameina kraftana í kvöld og skipuleggja dagskrá í Tjarnarbíói. Þar má fræðast um ímyndir Íslands á hvíta tjaldinu.

Kviksaga er vettvangur þar sem fræði og kvikmyndir mætast til dæmis við gerð heimildarmynda, kennsluefnis eða sjónrænna rannsóknna. Í kvöld kl. 19 sýnir félagskapur sá, með fulltingi nýstofnads klúbbs Fjalakattarins, tvær myndir: „This Is Iceland“ eftir Kjartan Ó. Bjarnason frá árinu 1960 og valda kafla úr Íslandsmynd Leo Hansen frá 1929 en kaflar þeir verða sýndir með lifandi undirleik Hallvarðar Ásgeirssonar.

Íris Ellenberger sagnfræðingur fylgir myndunum úr hlaði en hún skrifaði meistaritgerð sína um svokallaðar Íslandsmyndir. Það heiti er gefið fjölbreyttum kvikmyndum sem eiga það sameiginlegt að fjalla um Ísland og Íslendinga. Myndirnar þessar eru margvíslegar að eðli: fræðslu-myndir, pólitískar áróðursmyndir, sölumyndbönd flugfélaga, fiskiðnaðarins eða landbúnaðarvöruframleiðenda og myndir sem skreyttu ræður farandfyrirlesara.

Efni þetta hefur ekki verið mikið rannsakað enn sem komið er og engin leið er að vita fyrir víst hversu margar myndir voru gerðar, sumra þeirra er aðeins getið í rituðum heimildum. „Ég skoðaði um sextíu myndir frá fimmtíu ára tímabili,“ útskýrir Íris og áréttar að mjög áhugavert sé hvernig höfundar þeirra taka líkt á ákveðnum



ALGENG SJÓN Í ÍSLANDSMYNDUM Styttan af Leifi heppna á Skólavörðuholtinu kemur fyrir í ófáum heimildarmyndum um Ísland. Myndin er tekin á árunum 1955-65.

viðfangsefnum. Bæði hérlendir og erlendir kvikmyndagerðarmenn voru þannig dálítið íhaldssamir á myndefni sitt því ákveðin hefð var í gildi um nálgun viðfangsefnisins. „Myndirnar voru gerðar í mjög ólíkum tilgangi en ef umfjöllunar-efnið var til dæmis síldveiðar var nokkuð víst að þá yrði sýndur stafli af tunnum og svo kemur stytta af Leifi heppna mjög oft fyrir í myndum frá ákveðnum tíma sem og myndir af Gullfossi og Geysi en þær eru nú ennþá algengar.“

Íris segir að flestar myndanna hafi verið gerðar fyrir útlendinga og að framan af hafi íslenskir fjölmiðlar fylgst nokkuð vel með mynd-

unum og gefið þeim slæma dóma ef þær sýndu ekki landinu sóma. Eftir 1940 fór síðan að bera meira á því að ríkisvaldið styrkti kvikmyndagerð af þessum toga og bera þær þess nokkur merki. „Myndin „This Is Iceland“ var til að mynda gerð fyrir milligöngu utanríkisráðuneytisins og þar er kynnt ákveðin opinber ímynd landsins.“

Kvikmyndasafn Íslands lánar myndirnar til sýninga en Kviksaga og Fjalakötturinn hyggjast standa að fleiri hliðstæðum viðburðum á komandi vikum.

Nánari upplýsingar um starfsemi Kviksögu má finna á vefritinu [www.kviksaga.is](http://www.kviksaga.is).

## HVAD? HVENÆR? HVAR?

MARS

2 3 4 5 6 7 8

## Mánudagur

## LEIKLIST

- 20.00 Leikfélag Menntaskólans í Reykjavík, Herranótt, sýnir verkið **DJ Lilli í Loftkastalanum**. Leikstjóri er **Ólafur Egill Egilsson**.

## SÝNINGAR

- 09.00 **Unnur Guðrún Óttarsdóttir** sýnir bókverk á myndlistarsýningunni **Bókalíf í Reykjavíkur-Akademiunni**. Á sýningunni eru bækur glæddar lífi með því að brjóta upp hið hefðbundna bókaform en á sama tíma er leitast við að vekja hughrif svipuð og framkallast við hefðbundinn bókaform. **ReykjavíkurAkademian** er til húsa á Hringbraut 121, fjórðu hæð. Opíð er frá 9-17 alla virka daga.
- 10.00 í **Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum** stendur fyrir sýningin **K-þátturinn - Málarinn Jóhannes S. Kjarval** en þar leitast sýningarstjórinn **Einar Garibaldi Eiríksson** við að svipta hulunni af goðsögninni Kjarval og hleypa áhorfandanum beint að verkum hans. Á sama stað gefur einnig að líta sýninguna **Foss** þar sem fjórir listamenn kanna tengsl listar og náttúru.

## TÓNLEIKAR

- 21.00 Jazztónleikar á **Café Kúltúr**, Hverfisgötu 18. Fram kemur **Be Bop hljómsveit Óskar Guðjónssonar**. Hljómsveitina skípa; Óskar Guðjónsson og Ólafur Jónsson tenór saxófóna, Ómar Guðjónsson gítar, Jóhann Ásmundsson bassa og Matthías M.D. Hemstock trommur. Sérstakur gestur er Haukur Gröndal sem leikur á altó saxófón.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Aðeins 1 króna fyrir börnin

[www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is) | 570 3030

**1 kr. aðra leiðina + 489 kr.**  
(flugvallarskattur)

**Þetta einstaka tilboðsfargjald**

- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
- er fyrir börn 2 - 11 ára í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- gildir til 15. mar.
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)

*Fallegu Flugfélags*

FLUGFÉLAG ÍSLANDS



## Britney reyndi að hengja sig

Bandarískir fjölmiðlar velja sér mikið upp úr því hvort Britney Spears og Kevin Federline hafi ákveðið að takast á við vandamál sín og reyna einu sinni enn. News of the World greinir frá því að þau íhugi jafnvel að endurnýja hjónabandsheitin þegar söngkonan hefur lokið afvötnun sinni í Malibu.

Að mati blaðsins virðist lífið leika við popprinsessuna. Hún hefur gert sér grein fyrir því að þegar lífið var henni sem erfiðast hurfu allir á braut nema

**BRITNEY SPEARS** Hyggst standast prófið og komast í gegnum erfiða meðferð.

Kevin, sem stóð þétt við bakið á henni. News of the World birtir hins vegar einnig ógnvænlega frétt af ástandi Britney þegar hún var sem lengst niðri í upphafi meðferðarinnar. Blaðið hefur eftir nánun vni að hún hafi hótad því við starfsfólk stofnunarinnar í Malibu að hengja sig ef Kevin vildi ekki eignast með henni þriðja barnið. Og hafi þá skrifað töluna 666 á hausinn og öskrað: „Ég er Anti-Kristur.“ Þá hafi yfirmönnum meðferðarheimilisins verið nóg um og Kevin verið kallaður til að róa söngkonuna niður. Hann ku hafa lofað Britney að hjálpa henni aftur á fætur eftir að

hafa misstigið sig á grýttum vegi fíknarinnar. Federline hefur boðist til að fresta öllum málaferlum og tekið strákana tvo algjörlega að sér á meðan Britney nær sér að fullu.

Samkvæmt News of the World er talið líklegt að áfengi og eiturylf á borð við kókaín og e-töflur hafi leikið minnsta þáttinn í hraðri niðurlæið Britney Spears. Eftir því sem blaðið kemst næst var Britney orðin háð hinu stórhættulega fíkniefni kristal-metamfetamíni. Það hefur mikil áhrif á taugakerfið og veldur ofskakvída og ofbeldisfullri hegðun.

**AFTUR SAMAN** Britney Spears og Kevin Federline munu mögulega láta reyna aftur á hjónabandið.



## Gus Gus fagnar

Gus Gus fagnaði útgáfu nýjustu plötu sinnar með teiti á Sirkus síðastliðið fimmtudagskvöld. Platan, sem ber nafnið Forever, er fimmta stúdíóplata sveitarinnar. Eiginlegir útgáfutónleikar verða haldnir á Nasa í lok mars, en það var enginn skortur á fólki sem vildi gleðjast með Gus Gus-flokknum á fimmtudagskvöldið.



**Í STÍL** Palli í Maus, sem þessa dagana er kenndur við hljómsveitina Fræ, og Jóni af Reykjavík Grapevine voru íbygnir á svip og með gleraugu í stíl.



**BONGÓFJÖLSKYLDA** President Bongó, öðru nafni Stephan Stephensen, fagnaði með foreldrum sínum, að hundinum ógleymdum.



**SETIÐ AÐ SKRAFI** Pær Sunna, Íris og Rebekka voru sáttar við teitið á Sirkus.

## Búist við hinu óvænta

Breska hljómsveitin The Stranglers er á leiðinni hingað til lands í þriðja sinn. Freyr Bjarnason spjallaði við einn af stofnendum sveitarinnar, J.J. Burrell, sem segir áhorfendum að búast við hinu óvænta á þriðjudagskvöld.

The Stranglers hélt síðast tónleika hérlandis í Smáranum í Kópavogi árið 2004 við góðar undirtektir. Þar áður spilaði sveitin í Laugardalshöll árið 1978.

„Þetta verða fyrstu tónleikarnir okkar á árinu og ég hlakka mikið til,“ segir bassaleikarinn Burrell. „Síðast þegar við komum til Íslands kom það okkur á óvart hversu vel gekk. Við höfðum ekki verið þar í mörg ár og mun fleiri komu en við bjuggumst við því við héldum að allir væri búnir að gleyma okkur. Ég held að fólk hafi ekki vitað við hverju það átti að búast og það er það frábæra við The Stranglers; þú veist aldrei við hverju þú átt að búast,“ segir hann.

### Tveir söngvarar í stað eins

Í þetta sinn spilar The Stranglers á Nasa og nú hafa þau tíðindi orðið að aðalsöngvarinn Paul Roberts hefur yfirgefið sveitina. Í stað hans sjá Burrell og gítarleikarinn Baz um sönginn. „Ég held að hann hafi verið með hugann við annað tengt tónlist. Málið er að í fyrra þegar ég heyrði hann syngja eitt af lögnum mínum fannst mér eins og hann skildi ekki um hvað lagið snerist þannig að ég spurði hann hvort



**THE STRANGLERS** Breska hljómsveitin heldur tónleika á Nasa á þriðjudagskvöld.

hann væri ennþá tilbúinn til að einbeita sér 100% að hljómsveitinni. Ég sagði honum að hugsa málið. Hann kom aftur til mín nokkrum dögum síðar og sagði að ég hefði rétt fyrir mér. Það voru engin vandamál og hann hætti í góðu,“ segir Burrell. „Núna er ég farinn að syngja aftur. Ég hafði gleymt því hversu gaman ég hafði af því. Fyrir sextán árum hafði ég ekki mikið sjálfstraust varðandi sönginn. Ég leyfði Paul að syngja lög mín vegna þess að mér fannst hlutirnir eiga að vera þannig,“ segir hann. „Þegar við fórum í túr um Bretland fyrir skömmu fengum við mjög góðar viðtökur og addáendum fannst þetta betra en nokkrum sinnum fyrr. Núna erum við aftur orðnir fjórir og þetta er kraftmeira en nokkrum sinnum fyrr og ég er líka farinn að skemmta mér á nýjan leik.“

### Peaches í Reykjavík

Nýjasta plata The Stranglers, Suite XVI, kom út á síðasta ári og hefur að sögn Burrells fengið bestu dómanna í sögu The Stranglers. „Og það er helvíti lóng saga, þannig að ég þurfti að bíða þangað til ég var orðinn miðaldra karl, næstum dauður, til að fá loksins góða dóma,“ segir

hann. „Þessi plata fjallar um það sem menn á okkar aldri hafa áhuga á, pólitík, stríð, konur, hefnd og það að reyna að myrða spúsu sína. Þetta er svona það sem menn eru að spá í á þessum aldri.“

Nafn plötunnar, Suite XVI, á sér jafnframt ákveðna sögu. Meðal annars er platan sextánda hljóðversplata The Stranglers, auk þess sem bæði Paul Roberts og Hugh Cornwell hættu í sveitinni eftir sextán ára veru.

Burrell segir mikilvægt að halda ferskleikanum gangandi í The Stranglers og af þeim sökum reyni sveitin stundum að prófa nýjar tónlistarstefnur og skipta út meðlimum. „Stundum spilum við ekkert í nokkur ár og ef við fáum leið á einhverju lagi þá hættum við bara að spila það. Eins og með Peaches, við spiludum það ekki í tólf, þrettán ár því við höfðum bara ekki áhuga á því. Það þýðir ekki að gera hluti eingöngu til að gleðja aðra.“

Burrell lofar þó að Peaches fái að hljóma í Reykjavík á þriðjudag. Vonandi láta The Stranglers einnig flakka með þekktu slagara á borð við All Day and All of the Night, Golden Brown, No More Heroes og Always the Sun.

## NÚÐLUR MEÐ KJÚKLINGI Í SOJASÓSU



## Alexandra gengin út

Alexandra Christina Manley, fyrrverandi prinsessa í Danmörku, gekk að eiga ljósmyndarann Martin Jørgensen við hátíðlega athöfn í Øster Egede-kirkjunni að viðstöddum nánun vinum og ættingjum. Alexandra var klædd í kampa-vinslitaðan kjól frá Henrik Hviid og virtist njóta hvernar mínútu. Þegar hún kom að kirkjudyrunum brá Alexandra á leik við þá fjölmörgu gesti og gangandi sem biðu eftir að fá að sjá hana og sagði: „Við komum aftur út,“ við mikil hlátrasköll nærstaddra.

Hjónakornin nutu liðsinnis frá prinsunum tveim, hinum sjö ára gamla Nikolai og fjögurra ára gamla Felix, en þá á Alexandra með Jóakim prins. Hann var reyndar víðsfjarri við athöfnina enda hefði það verið í hæsta máta óvenjulegt þrátt fyrir að danskir fjölmiðlar fullyrði að þau séu enn þann dag í dag góðir vinir. Ólíkt því sem var árið 1995 þegar Alexandra gekk kirkjulgólfið við konunglega athöfn voru aðalsbornir gestir víðsfjarri og glamúrinn og glysið ekki jafn áberandi. Dönsku blöðunum bar hins vegar saman um að athöfnin hefði verið bæði látlaus og falleg.



**HIN NÝGIFTU** Alexandra Christina skartaði kampa-vinslituðum kjól þegar hún gekk í það heilaga með ljósmyndaranum Martin Jørgensen.


Hjónin buðu síðan til glæsilegrar veislu eftir kirkjuna sem haldin var á Jomfruens Egede en þar hélt góðvinur, Mark Pettersen, skálarraðu fyrir hin nýgiftu. Til gamans má geta að Pettersen er einmitt eiginmaður Miu Egmont Petersen sem eitt sinn var trúlofuð Friðriki krónprins, fyrrverandi mági Alexöndru. - fgg





# TÓNÝ TÓNLIST

SKÍFAN - ALLTAF FYRST



1.890

Arcade Fire  
Neon Bible


7%  
VSK



1.890

Air  
Pocket Symphony

7%  
VSK



2.209

Grinderman (Nick cave)  
Grinderman

7%  
VSK



1.890

Johnny Cash  
Ring Of Fire II:  
The Legend Of Johnny Cash


7%  
VSK



1.890

Korn  
MTV Unplugged

7%  
VSK



2.190

Nelly Furtado  
Loose (2CD Tour Edition)

7%  
VSK

ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI



KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI



**Nýtt í bíó**

**HEIMSFRUMSÝNING MYND EFTIR JOEL SCHUMACHER**

**THE LAST KING OF SCOTLAND**

„STÖRFENGLEG MYND, SÁNNKÖLLUÐ PERLA NÚTÍMA KVÍKMYNDAGERÐAR“ D.Ó.J. - KVÍKMYNDIR.COM

„FÖRREST WHITAKER ER HREINT ÚT SAGT MÄGNADUR Í HLUTVERKI HARÐSTJÓRANS OG SÝNIR SVO AD EKKI VERÐUR UM VILIST AD HÉR FER EINN FREMSTI LEIKARI SAMTÍMANS. B.S. - FRÉTTABLAÐID

**NOTES ON A SCANDAL**

GLÓSUR UM SKANDAL

„STÖRÖN MYND SEM SKILUR AÐHORFENDUR EFTIR MED HROLLOHJUGNANLEG AN ÞESSAR BENDIR SE OF LANGT... LETUR FÁA OSNOTIÐ“ M.M.J. - KVÍKMYNDIR.COM

„VEL LEIKIN OG EFTIRMINNANLEG MYND“ K.H.H. - FBL

**SMOKIN' ACES**

Magi besti leigumorðinginn vinna

**THE NUMBER 23**

Þú rifró ekki sannleikann

**SMÁRA BÍÓ** SÍMI 564 0000

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

<p><b>THE NUMBER 23</b> kl. 5.45, 8 og 10.15 <b>B.I. 16 ÁRA</b></p> <p><b>THE LAST KING OF SCOTLAND</b> kl. 5.20, 8 og 10.35 <b>B.I. 16 ÁRA</b></p> <p><b>THE LAST KING SÝND Í LÚXUS</b> kl. 5.20, 8 og 10.35 <b>B.I. 16 ÁRA</b></p> <p><b>GHOST RIDER</b> kl. 5.30, 8 og 10.30 <b>B.I. 12 ÁRA</b></p> <p><b>THE PURSUIT OF HAPPINESS</b> kl. 8 og 10.30</p> <p><b>ANNA &amp; SKAPSVEIFLURNAR ISL. TAL</b> kl. 4 og 4.45 <b>STUTTMYND</b></p> <p><b>VEFUR KARLOTTU ISL. TAL</b> kl. 3.40</p> <p><b>NIGHT AT THE MUSEUM</b> kl. 5.40</p>	<p><b>THE LAST KING OF SCOTLAND</b> kl. 5.30, 8 og 10.35 <b>B.I. 16 ÁRA</b></p> <p><b>NOTES ON A SCANDAL</b> kl. 6, 8 og 10 <b>B.I. 12 ÁRA</b></p> <p><b>PAN'S LABYRINTH</b> kl. 5.45, 8 og 10.15 <b>B.I. 16 ÁRA</b></p> <p><b>LITTLE MISS SUNSHINE</b> kl. 8 og 10.10 <b>B.I. 7 ÁRA</b></p> <p><b>KÖLD SLÓÐ</b> kl. 5.45 <b>B.I. 12</b></p>	<p><b>SMOKIN' ACES</b> kl. 5.50, 8 og 10.10 <b>B.I. 16 ÁRA</b></p> <p><b>THE NUMBER 23</b> kl. 8 og 10 <b>B.I. 16 ÁRA</b></p> <p><b>GHOST RIDER</b> kl. 5.50 <b>B.I. 12 ÁRA</b></p>
---	--	---

**450 kr. í bíó!** [midi.is](http://midi.is) [LUXUS](http://www.luxus.is) [FRÉTTABLAÐID](http://www.frettabladid.is) [BÍÓ.IS](http://www.bio.is) - allt á einum stað

Sími 553 2075

**LAUGARAS BÍÓ** - bara lúxus

**JIM CARREY**

**SMOKIN' ACES**

Magi besti leigumorðinginn vinna

**THE NUMBER 23**

Þú rifró ekki sannleikann

**GHOST RIDER**

**KIRIKOU OG VILLIDYRIN**

Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15 **B.I. 16** Sýnd kl. 6, 8 og 10 **B.I. 16**

[www.laugarasbio.is](http://www.laugarasbio.is)

## Ófrumlegt og leiðinlegt Helvíti

Ghost Rider fyrir Playstation 2 er þriðju persónu hasarleikur sem tekur við af söguþræði samnefndrar myndar sem nú er sýnd í bíó. Í leiknum er leikmaðurinn í hlutverki Ghost Rider, persónu með logandi hauskúpu í stað höfuðs, og á að berjast gegn ógrynni af skrímslum með eldsvipum og öðrum vopnum.

Því miður er raunin sú að skrímslin eru öll nákvæmlega eins, bardagakerfið er einhvers konar misheppnað afkvæmi annarra og mun betri leikja og sagan er óspennandi samsúða af klisjum.

Leikurinn, sem er lítið annað en slöpp eftirherma leikja á borð við Devil May Cry og God of War (báðir til fyrir Playstation 2), er hreinlega ekki skemmtilegur.

Í staðinn fyrir mismunandi umhverfi er sömu grá-brúna málningunni slett á allt, og í staðinn fyrir fjölbreytt bardagakerfi er pinlega leiðinlegt að drepa skrímslin, sem eru einmitt líka grá-brún.

Reglulega virðist leikurinn



halda að hann sé bílaleikur, þegar leikmaðurinn er skyndilega látinn stýra mótörhjólum eftir braut þar sem hann hropar yfir hindranir og drepur skrímslu á leiðinni. Aðal-áskorunin í þessum hluta leiksins (sem er um fimmtungu af honum öllum) felst í að berjast við lélega stýringu á hjólinu, því borðin eru stutt og óspennandi.

Í raun er ekki hægt að benda á einhvern einn hlut í Ghost Rider og segja „þetta hér er það sem gerir

### TÖLVULEIKIR

#### Ghost Rider

★★

Leikir sem eru gerðir eftir kvikmyndum eru oftar en ekki lélegir, og Ghost Rider er engin undantekning. Slöpp eftirherma mun betri leikja.

leikinn lélegan“. Nánast allir þættir hans eru undir meðallagi, hvort sem það er sagan, spilunin, bardagakerfið, umhverfið eða óvinirnir. Jafnvel grafikin, tónlistin og talsetningin eru ekkert til að hrópa húrra fyrir. Rúsinan í pylsuendunum er myndavélin, sem lætur alls ekki að stjórn.

Ef þú ert mikill aðdáandi Ghost Rider myndasaganna og ert kominn með leið á Devil May Cry og God of War, þá er þessi leikur mögulega fyrir þig. Allir aðrir ættu að forðast hann og spila fyrrnefnda leiki í staðinn. **Salvar Þór Sigurðarson**

## Halle Berry í Tulia

Halle Berry mun fara með aðalhlutverkið í dramamyndinni Tulia. Hefjast tökurnar á henni hinn 1. maí í Louisiana. Myndin er byggð á sönnun atburðum sem áttu sér stað í bænum Tulia í Texas árið 1999 þegar 46 þeldökkir menn voru handteknir vegna gruns um að hafa í fórum sínum eiturfylf. Voru þeir ranglega ásakaðir af spilltri löggöngu í málinu þrátt fyrir að engar sannanir hafi fundist fyrir sekt þeirra.

Berry mun fara með hlutverk mannréttindalögfræðings sem aðstoðar mennina. Er myndin byggð á bók Nate Blakeslee, Tulia: Race, Cocaine and Corruption in a Small Texas Town.

Berry hefur nýlökioð við að leika í kvikmyndinni A Perfect Stranger þar sem hún er í aðalhlutverki ásamt harðhausnum Bruce Willis. Myndin verður frumsýnd í apríl.

**HALLE BERRY** Berry mun leika mannréttindalögfræðing í Tulia.



## Lotus Professional pappírsvörur

Glæsilegt yfirbragð við öll tækifæri

**Haldór Sigdórsson**  
Þjónn, aðstoðarverslunarstjóri hjá RV

**Á tilboði í mars 2007**  
LinStyle servíettur og dúkar, JustOne servíettur og servíettubox

**2.388 kr.**  
JustOne startpakki servíettubox og 600 servíettur

**794 kr.**  
LinStyle servíettur 40x40cm, 50stk

**2.631 kr.**  
LinStyle dúkar 1,2x20m á rúllu

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér  
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is

**BT**  
Lendur 1. mars BT

**The Sims 2 SEASONS**  
EXPANSION PACK

**9** hver vinnur

Sendu SMS skytið **BTC SSF** á númerið **1900** og þú gætir unnið fartölvu frá BT og Sims Seasons

Aukavinningar eru:  
Sims 2 Seasons leikir • Aðrir Sims leikir  
PS2 stýriþinnar • PS2 minniskort • DVD myndir  
Fullt af öðrum tölvuleikjum og margt fleira.

Vinnningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/akeytið.



## RÓMANTÍSK GAMANMYND

SEM FÆR PIG TIL AD GRÆNA ÚR HÆTIRI

HUGH GRANT HEFUR ALDREI VEKID BETRI.

hugh grant drew barrymore

# music and lyrics

Miljón dollarar. Sjú leigumórðingjar. Eitt skotmark.

Hörður hasarmynd frá leikstjóra NARC

## SMOKIN' ACES

Megi besti leigumórðinginn vinna

STJERSTA ÖPNUN Á FJÓLSKYLDUMYND Í BANDARÍKJUNUM Í ÁR

★★★★ S.V. MBL

HANNIBAL RISING

BREAKING AND ENTERING

★★★★ S.V. MBL

Frá leikstjóra English Patient og Gold Mountain

BLOOD DIAMOND

PERFUME

ALPHA DOG

THE BRIDGE TO TERABITHIA

Háskólabíó			
PARIS, JE T'AIME	kl. 5:45 - 8 - 10:20	LETTERS FR...	kl. 5:30-8-10:40 B1.16
TRAVAUX	kl. 5:45	PERFUME	kl. 8 B1.12
LE POULPE	kl. 8	DREAMGIRLS	kl. 8 Leyfð
LA SEPARATION	kl. 10:15	FORELDRAR	kl. 6 Leyfð
BREAKING AND E...	kl. 10:40	BABEL	kl. 5:30 - 10:40 B1.16

SAMBÍÓN / ÁLFABAKKA		SAMBÍÓN / KRINGLUNNI		SAMBÍÓN / KEFLAVÍK		SAMBÍÓN / AKUREYRI	
MUSIC & LYRICS	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 Leyfð	MUSIC & LYRICS	kl. 6 - 8 - 8:30-10-10:30 LEYFÐ DIGITAL	MUSIC & LYRICS	kl. 8 - 10 Leyfð	MUSIC & LYRICS	kl. 6 - 8 - 10 Leyfð
MUSIC & LYRICS VIP	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 Leyfð	BLOOD DIAMOND	kl. 8 - 10:40 B1.16 DIGITAL	GHOST RIDER	kl. 8 - 10:20 B1.12	BREAKING AND...	kl. 8 B1.12
SMOKIN' ACES	kl. 5:50 - 8 - 10:20 B1.16	THE BRIDGE TO TER...	kl. 6 LEYFÐ			THE BRIDGE TO...	kl. 6 Leyfð
BREAKING AND ENTERING	kl. 8 - 10:20 B1.12	VEFURINN HE...	kl. 6 LEYFÐ DIGITAL			ALPHA DOG	kl. 10:10 B1.16
HANNIBAL RISING	kl. 8 - 10:20 B1.16						

Skráðu þig á [SAMBio.is](http://SAMBio.is)

## Anna Nicole jörðuð

Fyrrum Playboy-leikfélaginn Anna Nicole Smith var borin til grafar á laugardaginn á Bahamayjum. Var Smith lögð til hinstu hvílu við hlið sonar síns Daniel, sem lést á síðasta ári, í Lakeview Memorial-kirkjugarðinum. Jarðarförin fór fram í höfuðborginni Nassau og voru tugir öryggisvarða sem gættu þess að enginn óboðinn kæmist þar að. Líkmenn voru með bleik bindi og báru kistuna niður rauðan dregil sem hafði verið rúllað niður kirkjugólfið í baptistakirkjunni Mount Horeb.

Þrjú hundruð manns mættu í jarðarförina en talið er að tugir ferðamanna og fréttabyrstra ljósmyndara hafi reynt að fylgjast með því sem fram fór. Sá fjárhaldsmaður Danielynn, dóttur Önnu, sig neyddan til að biðja nærstadda um að sýna virðingu á þessum sorgardegi. Máluð mynd af Önnu og bleikar rósir



**GRÖF ÖNNU** Hugsanlegt er að hún eigi eftir að verða vinsæll viðkomstaður ferðamanna hér eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Innrásir í einkalífið

Bakland myndarinnar Breaking and Entering er fjölþjóðlegt og pólitískt en vandi persónanna hverfist um samskiptaleyfi og ólíkan uppruna.

Arkitektinn Will (Law) á sænskættaða konu (Wright-Penn) sem á dótturina Beu af fyrra hjónabandi. Samskipti þeirra einkennast af algjöru tengslaleyfi og þau tala vart sama tungumálið. Í ástleysi sínu leitir Will til annarra kvenna, vændiskonunnar Oana og síðar til Amiru (Binoche) en hún og sonur hennar eru flóttamenn frá Bosnía. Tilviljun leiðir Will og Amiru saman þar sem sonurinn Miro er liðtækur þjófur sem rænir fyrirtæki Wills í tvígang.

Aðstæður þessar leiða til uppgjör þar sem ekki er ljóst hver er að nota hvern - í myndinni eru engin illmenni heldur aðeins fólk sem ekki skilur hvert annað.

Handrit Minghella er forvitnilegt og vel skrifað. Átökin byrja þegar arkitektinn og félagi hans,

sem er frábærlega leikinn af Martin Freeman, flytja með skrifstofu sína til King's Cross og verða „innflytjendur“ í fjandsamlegu umhverfi og eftir það er stöðugt verið að vinna með hugmyndir um innrásir og kúgun, aðlögun og stolt og svo náttúrulega ástina og hvort fólk getur á annað borð látið sér lynda saman ef það kemur úr ólíkum áttum. Það að Will sé arkitekt sem ætlar sér að umbylta umhverfi og bæta líf hinna verr settu íbúa staðarins er stækkuð mynd þess sem hann ætlar að gera fyrir Amiru og hefur mistekist með eiginkonunni.

Myndin er afar vel leikin en veikasti hlekkurinn er þó aðalarkitektinn, sem Law er enginn maður til þess að skila. Taugaveiklun hans kemst vel til skila en kvenleikkonurnar skygga alveg á hann. Bæði Wright-Penn og Binoche eru frábærar í sínum hlutverkum og gaman að sjá þær aftur á hvíta tjaldir.



**KVIKMYNDIR**

**Breaking and Entering**

**Leikstjóri og handritshöfundur:** Anthony Minghella/ **Aðalhlutverk:** Jude Law, Juliette Binoche, Robin Wright-Penn, Ray Winstone, Martin Freeman, Rafi Gavron.

★★★

Frumlegt og vel skrifað handrit

.....

Á heildina lítið er Breaking and Entering fyrirtaks sunnudagsmynd með meiningar, vel leikin og skrifuð stúdía í tilfinningabrölti nútímafélks. **Krístún Heiða Hauksdóttir**

KVIKMYNDAKLUBBURINN

# EJALA KÖTTURINN

MÁNUDAGUR 5. MARS

## TJARNARBIÓI

SKRÁNING

FILMFEST.I.S STENDURYFIR

**KLUKKAN 17.00**  
**DAUÐINN Á FERÐ**  
*(The Rider Named Death / Vsadnik po imeni smert)*  
 (RUS), Karen Shakhnazarov, 2004

**KLUKKAN 19.00**  
**KVIKSAGA**  
*(Ímynd Íslands í kvikmyndum frá 1929 - 1970.)* Aðgangur ókeypis.

**KLUKKAN 21.00**  
**ANDREI RUBLEV**  
 (Andrey Rublyov), (RUS), Andrei Tarkovsky, 1969.

## KÖLD SLÓÐ

★★★★★

# „Köld slóð er afbragðs sakamálasaga“

JVJ / topp5.is

Sýnd í Smárábíói og Regnboganum

**18** 20% afsláttur ef greitt er með korti frá Kaupþingi **FRÉTTABLAÐIÐ**

# KVEF?

NEFÚÐI

HÁLSTÖFLUR

VERKJALÝF

FRUNSUKREM

Það er engin ástæða til að láta sér líða illa. Komdu og fáðu ráðgjöf hjá okkur.

**Lyf & heilsa**  
Við hlustum!

**Vectavir** krem er áhrifamikill lyf til meðferðar á frunsum af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsnar frá sting eða aðbaslættar til biðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvir sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er zeltab fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsumvæði á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dreingigt er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða infleusna eða í mikilli sóð (t.d. á sköðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvir, famciklóvir eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsnar hraðar, verkir minnka og smittimi stytst. Vectavir kremið 2 g fest á lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.  
**Otrivin** nefubörn og nefdröppar innihalda xylometasólín sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðar bólgu í annis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverki. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xylometasólín ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.  
**Strepsils** töflur eru látnar renna í munn og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin söthreinsandi áhrif í munn og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kaeldri áhrif sem síá á ertingu. Venjulega er ein tafla látn leysast hægt upp í munn á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislik viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsgögflokkur, sem eru í hentugum þynnuþakningum. Hverri þakningu fylgja víðurkennar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.  
**Voltaren Dolo** (diklófenak kálium) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverki, tanpinu og títábrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeiflugamarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við læki áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetylsalísýru, íþrófen eða önnur blögujæðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við læki, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leiðið ráða læknis eða lyfjafraðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



## > Fjörtán í röð hjá Guðmundi

Borðtenniskóngurinn Guðmundur Eggert Stephensen varð Íslandsmeistari í einliðaleik fjórtánda árið í röð í gær. Hann vann þá Magnús K. Magnússon örugglega og nánast án þess að svitna, 4-0. Guðmundur varð einnig Íslandsmeistari í tvenndarkeppni ásamt Magneu Ólafsdóttur. Guðrún Björnsdóttir varð Íslandsmeistari hjá konum en hún lagði Aldisi Lárusdóttur, 4-1.



**sport**  
sport@frettabladid.is

## EGIL ÖSTENSTAD HJÁ VIKING Í STAFANGRI: ÁNÆGÐUR MEÐ ÍSLENSKA KNATTSPYRNUMENN

# Íslenskir leikmenn hafa reynst okkur vel

Það hefur vakið sérstaka athygli undanfarnar vikur hversu mikinn áhuga norska úrvalsdeildarliðið Viking hefur sýnt íslenskum knattspyrnumönnum. Það gekk frá kaupum á Hannesi Þ. Sigurðssyni í síðasta mánuði og í gær fór Höskuldur Eiríksson til félagsins á reynslu. Þá hafa þeir rætt um að fá aðra leikmenn til félagsins, til að mynda þá Rúrik Gíslason og Emil Hallfredsson. Þetta staðfesti Egil Östenstad, yfirmaður íþróttamála hjá félaginu, í samtali við Fréttablaðið. „Stundum virðast þessir hlutir stærri og meiri en þeir eru,“ sagði Östenstad, sem lagði skóna á hilluna fyrir stuttu síðan. Hann lék lengst af ferlinum með Blackburn og Southampton. „En það er engu að síður rétt að Hannes er nú kominn til okkar og við höfum einnig verið að skoða aðra íslenska leikmenn. Blöðin í Noregi eru ef til vill að gera fullmikið úr þessum málum en við höfum enn ekki haft samband við félög þeirra Rúriks og Emils.“ Aðspurður segir hann að ástæða þess að þeir sýni íslenskum leikmönnum svo mikla athygli sé að þeir hafi reynst félaginu

vel í gegnum tíðina. „Íslenskir knattspyrnumenn eru með mikinn líkamlegan styrk og gott viðhorf sem hentar norsku deildinni vel. Þegar við fréttum af efnilegum knattspyrnumönnum veitum við þeim sérstaka athygli ef þeir eru íslenskir.“

Birkir Bjarnason er nú á málum hjá Viking og meðal leikmanna sem léku áður fyrir félagið má nefna Auðun Helgason og Ríkharð Daðason.

„Allir Íslendingar sem hafa spilað fyrir félagið hafa reynst okkur afskaplega vel. Þeir eru kannski ekki bestu knattspyrnumenn í heimi en þeir búa yfir öðrum kostum sem eru ekki síður mikilvægir.“

Mál Hannesar Sigurðssonar er í biðstöðu þar sem hann hefur þegar leikið með tveimur félögum á þessu almanaksári hjá FIFA. Hann þarf sérstaka undanþágu frá FIFA til að fá félagaskiptin til Viking í gegn, líkt og Javier Mascherano þurfti þegar hann fór frá West Ham til Liverpool. „Við fáum vonandi svar í vikunni og kæmi mér á óvart ef það yrði neikvætt. Við erum með sterkt mál í höndunum en við vitum líka að Viking er ekki beinlínis Liverpool.“

## ÚRSLIT

### DHL-deild karla:

HK-FYLKIR 25-25 (12-12)  
**Mörk HK (skot):** Augustas Strazdas 9 (10), Valdimar Þórsson 7/3 (15/5), Ragnar Hjaltested 5 (7/1), Brynjar Valsteinsson 2 (5), Ólafur Bjarki Ragnarsson 1 (5), Gunnar Steinn Jónsson 1 (2).  
**Varin skot:** Egíðijus Petkevicius 18/1.

**Hraðaupphlaup:** 7 (Ragnar 3, Strazdas 3, Valdimar).

**Fiskuð víti:** 6 (Ragnar 2, Sigurgeir Árni, Valdimar, Sergey, Brendan).

**Utan vallar:** 2 mínútur.

**Mörk Fylkis (skot):** Brynjar Þór Hreinsson 6 (7), Vladimir Đurić 5 (9), Heimir Örn Arnason 5/1 (13/2), Arnar Jón Agnarsson 4 (6), Guðlaugur Arnarsson 2 (5), Ásbjörn Stefánsson 1 (4), Eymar Kruger 1 (3), Arnar Þór Sæþórsson 1/1 (1/1).

**Varin skot:** Hlynur Morthens 17/1, Erlingur Reyri Klemenzson 2/1.

**Hraðaupphlaup:** 4 (Brynjar 3, Đurić).

**Fiskuð víti:** 3 (Ásbjörn 2, Guðlaugur).

**Utan vallar:** 12 mínútur.

VALUR-AKUREYRI 32-28 (16-10)

**Mörk Vals (skot):** Markús Máni Michaelsson 10 (16/1), Baldvin Þorsteinsson 8/1 (10/1), Ernir Hrafn Arnarson 6 (7), Arnór Gunnarsson 4 (6), Elvar Friðriksson 2 (4), Gunnar Harðarson 1 (1), Hjalti Pálmason 1 (5), Sigurður Eggertsson (2), Fannar Friðgeirsson (1).

**Varin skot:** Pálmar Pétursson 16/1.

**Hraðaupphlaup:** 7 (Arnór 3, Baldvin 3, Markús).

**Fiskuð víti:** 2 (Ernir 2).

**Utan vallar:** 12 mínútur.

**Mörk Akureyrar (skot):** Einar Logi Friðjónsson 7 (15), Ásbjörn Friðriksson 4/1 (9/2), Þorvaldur Þorvaldsson 4 (4), Aigars Lazdins 4 (4), Hörður Fannar Sigþórsson 3 (5/1), Nikolaj Jankovic 2 (4), Rúnar Sigtryggsson 2 (7), Andri Snær Stefánsson 1 (4), Atli Evar Ingólfsson 1 (2), Heiðar Þór Aðalsteinsson (1).

**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 8/1, Hreiðar Leví Guðmundsson 6.

**Hraðaupphlaup:** 8 (Lazdins 2, Hörður, Andri, Nikolaj, Rúnar, Atli, Einar).

**Fiskuð víti:** 3 (Þorvaldur, Nikolaj, Einar).

**Utan vallar:** 12 mínútur

ÍR-HAUKAR 32-27

### STADAN:

1. VALUR	15	11	1	3	422:390	23
2. HK	15	10	2	3	417:382	22
3. STJARNAN	15	9	0	6	413:403	18
4. FRAM	15	8	1	6	464:426	17
5. HAUKAR	15	4	4	7	428:447	12
6. AKUREYRI	15	5	2	8	402:421	12
7. FYLKIR	15	4	2	9	413:440	10
8. ÍR	15	3	0	12	429:479	6

### Iceland Express-deild karla:

ÍR-ÞÓR Þ.	83-73
HAMAR/SELFOSS-FJÖLNIR	87-75
NIJARDVÍK-HAUKAR	88-78
SNÆFELL-SKALLAGRÍMUR	85-75

### STADAN:

1. UMFN	21	19	2	1831:1649	38
2. SKALLAG.	21	16	5	1949:1799	32
3. KR	20	16	4	1764:1536	32
4. SNÆFELL	21	16	5	1731:1542	32
5. KEFLAVÍK	20	12	8	1801:1697	24
6. GRINDAVÍK	20	10	10	1733:1653	20
7. ÍR	21	9	12	1777:1801	18
8. HAMAR/SEL.	21	7	14	1578:1720	14
9. TINDAST.	20	6	14	1751:1913	12
10. ÞÓR Þ.	21	5	16	1725:1918	10
11. FJÖLNIR	21	4	17	1727:1895	8
12. HAUKAR	21	4	17	1717:1961	8

### Enska úrvalsdeildin:

BOLTON-BLACKBURN	1-2
0-1 Benni McCarthy, víti (58.), 0-2 Benni McCarthy, víti (68.), 1-2 Nicolas Anelka (88.).	
WEST HAM-TOTTENHAM	3-4
1-0 Mark Noble (16.), 2-0 Carlos Tevez (41.), 2-1 Jermain Defoe, víti (51.), 2-2 Teemu Tainio (63.), 3-2 Bobby Zamora (85.), 3-3 Dimitar Berbatov (89.), 3-4 Paul Stalteri (90.).	

### STABA EFSTU OG NÆSTU LIÐA:

1. MAN. UTD	29	23	3	3	66:19	72
2. CHELSEA	28	19	6	3	50:19	63
3. LIVERPOOL	29	16	5	8	44:20	53
17. MAN. CITY	27	8	6	13	20:33	30
18. CHARLTON	29	6	6	17	26:49	24
19. WATFORD	29	3	11	15	18:43	20
20. WEST HAM	29	5	5	19	21:50	20

# West Ham á leið niður

Það virðist fátt geta komið í veg fyrir fall West Ham úr ensku úrvalsdeildinni. Liðið klúðraði unnum leik gegn Tottenham á ótrúlegan hátt í gær. Knattspyrnustjóri West Ham segir leikmenn hafa gleymt hvernig eigi að vinna leiki.

**FÓTBOLTI** West Ham situr sem fastast á botni ensku úrvalsdeildarinnar eftir 3-4 tap gegn Tottenham í einhverjum eftirminnilegasta knattspyrnuleik sem farið hefur fram í háa herrans tíð.

West Ham leiddi 2-0 í hálfleik en tapaði þeirri forystu í þeim síðari. Hamrarinn tóku síðan forystuna á ný fimm mínútum fyrir leikslok og héldu margir að nú væri loksins komið að sigri. Svo var nú ekki.


Berbatov jafnaði með marki beint úr aukaspyrnu rétt áður en venjulegur leiktími rann út. Þegar um fimm mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma skoraði Stalteri síðan sigurmarkið. Eggert Magnússon og aðrir stuðningsmenn West Ham trúðu vart sínum eigin augum.

„Við erum í þeirri stöðu að við verðum að vinna. Síðan erum við með vinningsstöðu en það er eins og leikmenn kunni ekki lengur að vinna leiki. Þeir munu ekki hvernig eigi að gera það. Ég held samt



CARLOS TEVEZ Fagnaði sínu fyrsta marki fyrir West Ham hreint ógurlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



ANGIST Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, átti erfitt með að leyndu vonbrigðum sínum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

að þeir hafi lagt sig alla fram í verkefnið,“ sagði Alan Curbishley, stjóri West Ham, en hann hefur aðeins unnið einn leik síðan hann tók við stjórnartumunum. Eins ótrúlegt og það hljómar þá var það gegn Manchester United. Breskir fjölmiðlar halda því fram að heitt sé undir stjórninum en hann vonast eftir að fá meiri tíma hjá félaginu.

